# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

108. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 9. MAÍ 2017




Framkvæmdir við Miklubraut vegna gerðar göngu- og hjólastígs hófust í dag, en gera má ráð fyrir umferðartöfum fram í ágúst og verða ökumenn og vegfarendur að sýna þolinmæði vegna þessa. Akreinum til vesturs var fækkað tímabundið í morgun frá Lönguhlíð að Rauðarárstíg. En það eru framkvæmdir víðar í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA sjá síðu 8.

## Barnið ófundið

**LÖGREGLUMÁL** Faðir og stjúpmóðir sex ára íslensks drengs hafa leitað undanfarna átján mánuði að barninu, en ekkert hefur gengið. Móðir hans virðist hafa látið sig hverfa með hann frá heimili þeirra í Svíþjóð. Lögreglan á Íslandi og í Svíþjóð rannsaka málið. – snæ / síða 4

## Svala er tilbúin

**LÍFIÐ** „Ég er ofboðslega spennt og auðvitað eru alltaf fiðrildi í maganum. Ég ætla að gera þetta 250 prósent,“ segir Svala Björgvinsdóttir sem kveðst tilbúin fyrir stóra kvöldið. Hún stígur á stóra sviðið í Alþjóða sýningarhöllinni í Kænugarði í kvöld. – ósk / síða 38

# Bilið milli borgar og landsbyggðar breikkar

Niðurstöður samræmdu prófanna sýna að nemar á landsbyggðinni standa verr.

**MENNTAMÁL** „Það virðist vera að bilið milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins sé áfram að breikka,“ segir Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, um nýjar niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum. Hann bætir við að stofnunin eigi eftir að leggja ítarlegra mat á það sem þar kemur fram.

Niðurstöðurnar sýna að Suðurkjördæmi stendur sig verst í íslensku,

**» Milli áranna 2015 og 2017 bættu nemendur í Suðvesturkjördæmi sig í öllum fögum**

en Suðvesturkjördæmi best. Nemendur í Norðvesturkjördæmi stóðu sig verst í stærðfræði en Suðvesturkjördæmi á þar vinninginn. Nemendur í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi stóðu sig best í ensku, en nemendur í Norðausturkjördæmi fengu verstu útkomuna.

Milli áranna 2015 og 2017 versnaði niðurstaða nemenda í öllum fögum í Reykjavík og Suðurkjördæmi, en nemendur í Suðvesturkjördæmi bættu sig. Eftir stendur að nemendur af höfuðborgarsvæðinu koma best út úr samræmdu könnunarprófunum, líkt og fyrri ár. – sg / síða 4

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar heilbrigðisráðherra opið bréf. 15



**SPORT** Bjarki Már Gunnarsson er genginn í raðir Stjörnunnar. Garðbæingar ætla að berjast um titla á næsta tímabili. 20

**LÍFIÐ** Anna Þóra Björnsdóttir, uppistandari, sjónmældi lundann Munda í gær, sem reyndist lögblindur. 38

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Vestan gola eða kaldi og skýjað að mestu, en bjart syðst á landinu með hita allt að 17 stigum. Sums staðar dálítil væta um kvöldið.

SJÁ SÍÐU 24

# Féll niður fjóra metra á Suðurlandsbraut



Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu barst tilkynning um klukkan þrjú í gær um vinnuslys í nýbyggingu við Suðurlandsbraut. Maðurinn, sem er starfsmaður verktakans sem byggir á staðnum, féll niður fjóra metra og var í kjölfarið fluttur á slysadeild. Upplýsingar fást ekki frá Landspítalanum um líðan mannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Skjálfti upp á sjö líklegur

**NÁTTÚRA** Allt að sjö stiga jarðskjálfti gæti orðið austarlega á Suðurlandsundirlendi á næstu árum og allt að 6,5 stiga á Bláfjallasvæðinu, að mati Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings. Hann segir skjálftann við Árnes um helgina sýna að mikil spenna sé til staðar í Suðurlandsbrotabeltinu. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

„Jarðskjálftinn segir okkur að á þessum stað er tiltölulega mikil spenna og hann segir okkur líka að sprungan er lifandi,“ segir Ragnar um Árnesskjálftann, sem mældist 4,5 stig.

Suðurlandsskjálftinn árið 1896 átti upptök á sömu slóðum og stóri jarðskjálftinn 1912 er talinn hafa verið um sjö stig.

„Á austasta hluta brotabeltisins, frá Landi og austur að Heklu og svo aftur vestar, vestur undir Bláfjöllum, þar ættu menn að vera vakandi og fara virkilega að skoða möguleika á stórum skjálfta þar og fylgjast með skorpunni. Þetta er líka svo nálægt Reykjavík. Þetta gæti orðið á þessu ári og á næstu fimm til tíu árum, – hvort sem maður er að tala um austast á Suðurlandsbrotabeltinu eða hérna á Bláfjallasvæðinu.“ **– sa**



**Ragnar Stefánsson jarðeðlisfræðingur**

# Betla fyrir ferðalögunum

**ASÍA** Ungir, vestrænir bakpokaferðalangar sjást æ oftar úti á götu eða á flugvöllum í Suðaustur-Asíu með betliskilti. Flestir sjást í Taílandi, Kambódíu, Laos, Víetnam og Malasíu. Sumir biðja beinlínis um peninga til að geta haldið áfram ferðalagi sínu, aðrir leika á hljóðfæri eða selja myndir frá ferðum sínum.

Heimamönnum finnst þetta einkennilegt og ögrandi hátterni og hafa dreift myndum af ferðalöngunum á samfélagsmiðlum. Fátækir biðji um peninga fyrir mat eða skólagjöldum barna sinna. Menn betli ekki fyrir einhverju sem litið er á sem lúxus. **– ibs**

> Heimamönnum finnst þetta einkennilegt og ögrandi hátterni og hafa dreift myndum á samfélagsmiðlum.

# Borðaði 81 árs gamla sultu á afmælisdaginn

**Sulta sem Ásta Jónsdóttir lagaði árið 1936 þegar sonur hennar var hvítvoðungur fannst um helgina. Ilmur sultunnar var góður og hún smakkaðist prýðilega. Í sömu geymslu fannst niðursoðið kjöt frá 1944 sem enginn lagði í að smakka.**

**MATARGERÐ** Jón Kristinsson, arkitekt og uppfinningamaður, fékk heldur óvænta afmælisgjöf síðastliðinn sunnudag, þegar hann fann 81 árs gamla rifsberjasultu sem móðir hans hafði lagað sumarið 1936. Jón er frumkvöðull í sjálfbærri byggingarhönnun og hefur meðal annars staðið fyrir framleiðslu á andandi gluggum og lághitahúshitun.

„Ég held að þetta hljóti að vera úr berjum af runnunum í garðinum okkar, annaðhvort af Stýrimannastíg 7 eða Ránargötu 21,“ segir Jón. Endurnýjun stendur yfir á húsinu við Ránargötu sem varð til þess að sultukrukkan fannst í kjallara hússins. Í sömu geymslu fannst einnig niðursoðið kjöt frá 1944 sem Jón lagði sér þó ekki til munns.

„Sultan var alveg ljómandi,“ segir Jón. Á sunnudag neytti hann hennar eintómrar. „Bara með teskeið. Þegar maður er með svona gersemi þá er maður ekkert að borða hana með brauði heldur vill bara finna bragðið af berjasafa þess tíma.“

Á mánudagsmorgun hrærði Jón sultuna hins vegar út í skyr, áður en hann flaug til Hollands þar sem hann er búsettur. Jón var hvítvoðungur þegar sultan var löguð, fæddur 7. maí 1936. Móðir hans, Ásta Jónsdóttir, var húsmóðir með ýmislegt á prjónunum, þar á meðal bókband og handavinnu. Þá rak hún heimagistingu fyrir ferðamenn en fjölskyldan segir hana þar með hafa verið frumkvöðul í þeim viðskiptum sem í dag fara fram í gegnum Airbnb. Hún var 38 ára gömul þegar sultan var löguð.

Faðir Jóns var Kristinn Björnsson, yfirlæknir á sjúkrahúsi Hvíta bandsins við Skólavörðustíg.



**Jón Kristinsson sést hér bragða á sultunni góðu á afmælisdaginn sinn. Eins og sést er sultan merkt „Ribshlaup 1936“.** MYND/KRIS KRISTINSSON

> Þegar ég fann ilminn af henni þá vissi ég að ég þurfti ekki að vera smeykur.

## 1936 er löngu liðin tíð

Vissulega hljómar 81 ár sem hár aldur fyrir rifsberjasultu enda um heila mannsævi að ræða. Til að setja þetta í samhengi er vert að minnast þess sem var að gerast um það leyti sem sultan var möluð í eldhúsinu á Stýrimannastíg eða Ránargötu.

- Adolf Hitler, kanslari Þýskalands, setur elleftu Ólympíuleikana í Berlín.
- Játvarður VIII varð konungur Bretlands og sagði af sér síðar sama ár.
- Tónverkið Pétur og úlfurinn var frumflutt.
- Klassíska bókin Gone with the Wind var gefin út.

Jón segist ekki hafa haft neinar efasemdir um að bragða sultuna þrátt fyrir að hún hafi verið búin til fyrir rúmum átta áratugum. Hann segir að ef matvælin geymist í rúmt ár sé nokkuð ljóst að þau þoli lengri geymslutíma. „Þegar ég fann ilminn af henni þá vissi ég að ég þurfti ekki að vera smeykur. Það var svo mikill sykur í kring að hún hafði alveg varðveist. Krukkunni var lokað með pappírsloki og kertavaxi dreypt yfir til að loftloka henni alveg. Þannig að sultan var alveg vernduð.“

snaeros@frettabladid.is

LYFJA
– Lífið heil

Sumarið er tíminn
Heilsutjútt 3.–14. maí

Við bjóðum upp á frábær tilboð á ýmsum heilsuvörum. Kíktu við í næstu verslun Lyfju og vertu hress fyrir sumarið.

10–30% AFSLÁTTUR af völdum heilsuvörum

Netverslun – lyfja.is

# 4G netið hjá Nova!

**Fyrir heimilið, sumarbústaðinn og fólk á ferðinni**




**Sumar tilboð!**
**á 4G netbúnaði**
gildir til 1. júní

### 4G box

Öflugur netbeinir sem WiFi-tengir fjölda tækja. Einfalt að taka í notkun, bara stinga í samband við rafmagn.

**9.990 kr.** stgr.

**Fullt verð: 24.990 kr.**

Verð mv. 6 mánaða þjónustusamning í áskrift, 10 GB eða stærri netpakka.

### 4G hneta

Þetta litla tæki er í raun ferðabeinir fyrir fólk á ferðinni. Hægt er að WiFi-tengja allt að 10 tæki samtímis.

**4.990 kr.** stgr.

**Fullt verð: 14.990 kr.**

Verð mv. 6 mánaða þjónustusamning í áskrift, 10 GB eða stærri netpakka.

## Netpakkar í áskrift og frelsi

| 10 GB | 25 GB | 50 GB | 100 GB |
|---|---|---|---|
| 3.490 kr. | 4.490 kr. | 5.490 kr. | 7.490 kr. |

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

# Íslenski drengurinn enn týndur og ættingjarnir vilja ekki tala

**LÖGREGLUMÁL** Sex ára íslenskur drengur, sem hefur síðastliðna átján mánuði verið leitað af föður sínum og stjúpmóður, er enn ekki fundinn. Móðir hans virðist hafa látið sig hverfa með hann frá heimili þeirra í Svíþjóð en lögreglan á Íslandi og í Svíþjóð rannsaka hvarfið.

„Við höfum engar frekari upplýsingar. Eftir frétt Fréttablaðsins í apríl fengum við símtal frá lögreglunni á Íslandi þar sem þau sögðu að ættingjar þeirra á Íslandi vilji ekki tala við okkur,“ segir Erika Nilsson, stjúpmóðir drengsins. Hún kom til Íslands í apríl til að vekja athygli á málinu. Einkaspæjara á vegum föðurfjölskyldunnar hafði ekki tekist að finna drenginn og sagði honum haldið innandyra ef hann væri á Íslandi. Drengurinn er með sjaldgæfan sjúkdóm.

**Við höfum fengið fullt af tölvupósti frá fólki sem vill vel en ekkert sem hönd á festir**



Erika Nilsson, stjúpmóðir drengsins

Íslenska lögreglan telur mæðginin ekki vera á Íslandi. Rannsókn hefur engu skilað. Málið hefur tvær hliðar, annars vegar afhending barns til forsjáraðila á grundvelli Haag-samningsins um brottnám barna og hins vegar sakamál vegna hvarfsins. Móðirin hefur ekki svarað símtölum eða tölvupóstum barnsföður síns síðan í nóvember 2015. Sama á við um fjölskyldu konunnar. Heimildir herma að eftirgrennslan lögreglu mæti ekki samvinnu af hálfu fjölskyldunnar.

„Við létum sænsku lögregluna fá allar upplýsingar frá íslensku lögreglunni. Sænska lögreglan er á kafi í rannsókninni, og hefur óskað upplýsinga frá Facebook til að finna staðsetningu þeirra. Við höfum fengið tölvupóst frá fólki sem vill vel en ekkert sem hönd á festir.“ **– snæ**

## Markaðir tóku kipp vegna Macrons

**FRAKKLAND** Niðurstöður forsetakosninganna í Frakklandi höfðu í fyrstu jákvæð áhrif á markaði í gær. Gengi evrunnar og skráðra félaga hækkaði verulega. Yfir daginn lækkaði evran á ný gagnvart Bandaríkjadal en gengi hennar náði sex mánaða hápunkti strax í kjölfar kosninganna.

The Guardian greinir frá að markaðir hafi hækkað við opnun vegna sigurs Emmanuels Macron í kosningunum. CAC 40 vísitalan hækkaði um 0,2 prósent og náði níu og hálfs árs hámarki. Gengi hlutabréfa lækkaði þó aftur m.a. vegna óvissu um hvort Macron nái settum markmiðum í efnahagsstefnu sem hann boðar.

Þingkosningar fara fram í Frakklandi í júní. Flokkur Macrons, En Marche!, er nýr og hefur enga þingmenn. En Marche mun þurfa góða þingkosningu til að hafa áhrif á franska hagkerfið. **– sg**

## Asíumenn flykkjast til Grænlands

**GRÆNLAND** Þar til á þessu ári voru Íslendingar fjölmennastir erlendra ríkisborgara á Grænlandi. Nú eru Filippseyingar orðnir fleiri. Á vef grænlenska útvarpsins segir að Filippseyingar á Grænlandi séu 204, Íslendingar 162 og Taílendingar 161.

Þar á eftir koma Svíar, Norðmenn og Þjóðverjar.

Í upphafi þessa árs voru íbúar Grænlands 55.859 talsins. **– ibs**

**LEIÐRÉTTING:**

*Katrín Halldóra, stofnandi og framkvæmdastjóri Ecospíru, er Árnadóttir en ekki Árnason eins og misritaðist í helgarblaðinu 6. maí. Beðist er velvirðingar á mistökunum.*

# Reykvískir nemendur standa sig best en samt verr en áður

**Nemendur í Reykjavík og í Suðurkjördæmi standa verr nú en áður í samræmdum könnunarprófum í 10. bekk. Nemendur í Hagaskóla standa sig best. Forstjóri Menntamálastofnunar vonar að lestrarátak skili sér í betri árangri.**

**MENNTAMÁL** Samkvæmt niðurstöðum úr samræmdum könnunarprófum versnar niðurstaða nemenda í Reykjavík og Suðurkjördæmi í öllum fögum milli ára. Niðurstöðurnar sýna að bilið er enn að breikka milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins að sögn forstjóra Menntamálastofnunar.

Prófin voru lögð fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í marsmánuði um land allt. Niðurstöður prófanna eru gefnar á kvarða þar sem 30 er meðaltal. Stigaskor skólanna frá 29 til 31 þykir innan meðaltals en allt fyrir neðan 28 þykir slæm útkoma. Allt fyrir ofan 32 þykir góð útkoma.

Samkvæmt niðurstöðunum standa nemendur í Suðvesturkjördæmi að meðaltali best í íslensku og skoruðu 31,1 á kvarðanum, en nemendur í Suðurkjördæmi verst og skoruðu 28,4 að meðaltali. Nemendur í Suðvesturkjördæmi stóðu best í stærðfræði og skoruðu 31,7 en nemendur í Norðvesturkjördæmi stóðu sig verst og skoruðu 26,7 að meðaltali. Nemendur í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi stóðu jafnfætis í ensku og skoruðu 31,4 en þar stóðu nemendur í Norðausturkjördæmi verst og skoruðu 26,9 að meðaltali.

Milli áranna 2015 og 2017 versnaði niðurstaða nemenda í öllum fögum í Reykjavík og Suðurkjördæmi, en nemendur í Suðvesturkjördæmi bættu sig í öllum fögum. Eftir stendur að nemendur af höfuðborgarsvæðinu standa sig best, líkt og fyrri ár.

Sé litið til einstakra skóla stóð 10. bekkur í Hagaskóla best í íslensku og ensku en tíundi bekkur í Garðaskóla best í stærðfræði. „Ef maður horfir á dreifinguna milli landshluta þá virðist bilið milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis halda áfram að breikka,“ segir Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar.



**Nemendur í Hagaskóla stóðu sig best að meðaltali í ensku og íslensku í tíunda bekk.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Á landsbyggðinni eru skólar sem fá kannski ekki jafn góða þjónustu og stuðning eins og á höfuðborgarsvæðinu.**



Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar

„Við þurfum að horfa á þennan mun út frá aðstöðu. Á landsbyggðinni eru skólar sem fá kannski ekki jafn góða þjónustu og stuðning eins og á höfuðborgarsvæðinu, smærri sveitarfélög sem eiga erfiðara með að fjármagna slíkan stuðning. Við sjáum líka að þar sem er hátt hlutfall af nemendum af erlendum uppruna þá bitnar það á einkunnum,“ segir Arnór. „Eins erum við að sjá það í PISA-niðurstöðum að við erum ekki að standa okkur nógu vel varðandi menntun nemenda af erlendum uppruna.“

Arnór er þó vongóður um að vinna Menntamálastofnunar m.a. í gegnum lestrarátak, muni skila sér í bættum einkunnum.

9. og 10. bekkir um allt land tóku prófin samtímis í fyrsta og eina skiptið í ár. Prófin hafa verið haldin að hausti í tíunda bekk en voru færð til vors í níunda bekk, samkvæmt tillögu Menntamálastofnunar. Á næsta ári þreytir eingöngu níundi bekkur prófið. **saeunn@frettabladid.is**




# Segir einkastofur ógna öryggi sjúklinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Birgir Jakobsson landlæknir segir þróun íslensks heilbrigðiskerfis síðustu árin ógna öryggi sjúklinga. Stóraukin einkastofustarfsemi sérfræðilækna skapi þá ógn.

„Við erum með kerfi sem gerir það að verkum að sérfræðingar og læknar dragast frá Landspítala í stofupraxís í of miklum mæli að mínu mati sem þýðir að sérfræðingar verja of litlum tíma á LSH. Þar með er öryggi sjúklinga stofnað í hættu,“ segir Birgir.

Útgjöld ríkisins til heilbrigðismála hafa aukist um 40 prósent til einkageirans en á sama tíma hefur orðið raunlækkun á framlögum í opinbera heilbrigðisþjónustu. Til að mynda hefur Landspítalinn gefið það út að mikla fjármuni vanti í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til að standa undir þeirri þjónustu sem sjúkrahúsið þarf að sinna á næstu árum.

„Ég bendi á að yfir helmingur sérfræðilækna á LSH er einnig í einhvers konar einkastarfsemi. Það er mjög óeðlilegt frá sjónarhorni sjúkrahússins og sjúklinga,“ segir Birgir. „Öryggi þeirra er í hættu vegna þess að á meðan sérfræðingar eru á stofu eru þeir ekki að sinna veikustu sjúklingum kerfisins sem liggja á spítala. Þá eru það unglæknar eða kandídatar sem halda uppi þeirri starfsemi auk hjúkrunarfræðinga.“ **– sa**



**Birgir Jakobsson landlæknir.** FRÉTTBLAÐIÐ/STEINAR JÚLÍUSSON

**Sérfræðingar verja of litlum tíma á Landspítalanum. Þar með er öryggi sjúklinga stofnað í hættu**

Birgir Jakobsson landlæknir




KIA

The Power to Surprise

## Nýr Kia Rio er einn sparneytnasti bíll í heimi

Kia Rio er hinn fullkomni ferðafélagi fyrir hversdagslífið í borginni. Hann er gjörbreyttur í útliti og hönnun og eyðir aðeins frá 3,8 l á hundraðið sem gerir hann að einum sparneytnasta bíl í heimi. Kia Rio er stútfullur af snjöllum tækninýjungum, en meðal staðalbúnaðar eru bakkmyndavél og bakkskynjarar, hiti í stýri og sætum, litaskjár í mælaborði, bluetooth, AUX og USB tengi.

Verð frá **2.290.777** kr.

**Komdu í Öskju og reynsluaktu nýjum Kia Rio með 7 ára ábyrgð. Við tökum vel á móti þér.**

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland














## Stigu þjóðlegan dans á Ingólfstorgi



**Í Verzlunarskólanum hafa skapast hefðir** sem hefur verið haldið við árum saman. Ein þessara hefða er hinn árlegi peysufatadagur. Þá koma annars árs nemendur uppáklæddir í peysuföt, kjólföt og íslenska búninga. Hér sjáum við unga nemendur stíga þjóðlegan dans á Ingólfstorgi við harmónikuspil. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Byggja þarf upp frá grunni við Jökulsárlón

**Vegna deilna undanfarin ár hefur uppbygging við Jökulsárlón setið á hakanum. Ríkið á nú landið allt og ljóst að byggja þarf bílastæði, salerni, gestastofu og göngustíga. Milljarður er nefndur í kostnað – gjaldtaka sögð nauðsynleg.**

**UMHVERFISMÁL** Hefja þarf uppbyggingu við Jökulsárlón frá grunni, en deilur undanfarinna ára hafa þýtt að þar hefur uppbygging setið á hakanum. Fyrstu skrefin eru að fjölga bílastæðum og byggja upp viðunandi salernisaðstöðu. Nauðsynlegar framkvæmdir strax í byrjun losa að öllum líkindum milljarðinn.

Eins og kunnugt er liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum og lögum um Vatnajökulsþjóðgarð. Vatnajökulsþjóðgarði hefur verið falin umsjá jarðarinnar Fells (Jökulsárlón). Þess er vænst að jörðin verði færð formlega undir þjóðgarðinn innan tíðar. Þar er fjallað um gjaldtöku innan þjóðgarðsins, nokkuð sem Landvernd hefur lagst gegn eins og kemur fram í umsögn við frumvarpið.

Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, segir að leggja þurfi í miklar framkvæmdir, lítið sem ekkert hafi verið gert þar sem engin samstaða var um hvernig svæðið yrði þróað áfram.

„Þarna þarf að byrja frá grunni. Við munum byrja á endurskoðun á deiliskipulaginu sem er í gildi, og sú vinna er þegar hafin. Svo munum við leggja fram hugmyndir um uppbyggingu. Fyrir eru litlir sem engir innviðir,“ segir Þórður.

Þörfin á uppbyggingu er aðkallandi, enda fjöldi ferðamanna við Jökulsárlón að stefna hraðbyri á milljónina. Því verður uppbyggingin kostnaðarsöm – Þórður nefnir milljarð króna sem útgangsstærð en bílastæði og salerni til bráðabirgða verða byggð strax á þessu ári. Þá þarf að reisa við lónið gestastofu sem ræður við fjöldann.

„Þá eru ótaldir göngustígar og slíkt. Það er hluti af deiliskipulagsvinnunni og þeir geta þess vegna náð alla leið upp að jökli að austanverðu. En salernismálin vega þungt, enda allt of bágborin aðstaða.“

Spurður hvort gjaldtaka sé ekki nauðsynleg í ljósi þess hversu mikið verk er fyrir höndum svarar Þórður því til að hann telji svo vera.

„Þetta mun byggjast upp hraðar ef gjaldtaka kemur til, í stað þess að bíða eftir sérstökum framlögum á fjárlögum á hverju ári. Að mínu mati þarf þetta að gerast hratt, en engu að síður að vera vandað – enda er þessi staður svo sérstakur að þetta uppbyggingarstarf krefst þess að vandað sé til verka.“ **svavar@frettabladid.is**

### Ríkið keypti fyrir 1,5 milljarða í janúar

- Kaup ríkisins á Felli í Suðursveit gengu í gegn í janúar þegar ákveðið var að nýta forkaupsrétt ríkisins á jörðinni. Landareignin verður hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Var í því skyni tryggð fjárheimild fyrir þeim í fjáraukalögum ársins 2016. Kaupverð eignarinnar er 1.520 milljónir króna.
- Til þessa hefur flókið eignarhald á jörðinni Felli staðið þróun svæðisins fyrir þrifum en með kaupum ríkisins á landareigninni skapast möguleikar á að hefja nauðsynlega uppbyggingu svæðisins.
- Nýverið samþykkti ríkisstjórnin að unnið verði að tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs sem náttúruminja á heimsminjaskrá UNESCO og má gera ráð fyrir að það styrki tilnefninguna til muna að Jökulsárlón verði hluti þjóðgarðsins.




**NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF**

# GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

Við hvetjum áhugasama til að kíkja til okkar. Kennarar og fulltrúar fyrrverandi nemenda verða á staðnum og fara yfir námið ásamt því að gefa góð ráð til undirbúnings.
**Nánar á promennt.is**

**GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR**

## AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

**FRÍTT**

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

| | |
|---|---|
| VIÐURKENNDUR BÓKARI | Miðvikudag **10. maí. kl. 18** |
| TÆKNINÁM | Miðvikudag **17. maí. kl. 17.30** |
| BÓKHALDSNÁM | Fimmtudag **18. maí. kl. 18** |

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

# Segja réttindi kvenna í bændastétt skert

**KJARAMÁL** Lífeyrissjóður bænda er ósáttur við að fjármálaráðuneytið skuli vilja fella brott úr lögum ákvæði um að makar þeirra bænda sem voru sjóðsfélagar fyrir árið 1983, þegar einungis einn aðili á búinu gat greitt iðgjöld í sjóðinn, eigi rétt á lífeyri úr sjóðnum að þeim látnum.

Þessi réttur maka bænda er tryggður í 6. grein laga um lífeyrissjóð bænda. Fjármálaráðherra hefur lagt fram lagafrumvarp um brottfall laga um lífeyrissjóðinn, en markmiðið er að lífeyrissjóðurinn starfi áfram á grundvelli almennra laga um lífeyrissjóði. Lífeyrissjóður bænda telur að ef þessi 6. grein laganna yrði felld úr gildi væri verið að skerða réttindi maka bænda, sem eru í flestum tilfellum konur. Undir þennan skilning tekur Kvenréttindafélag Íslands í umsögn sinni. „Stjórn Kvenréttindafélags Íslands lýsir yfir andstöðu sinni við slíkri skerðingu á réttindum kvenna í bændastétt,“ segir í umsögn sem Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir ritar nafn sitt við. **– jhh**








Framkvæmdirnar hafa staðið yfir í um ár. Útlit er fyrir að þær muni standa yfir fram til ársloka 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Veitingafólk í Kvosinni bítur á jaxlinn

**Framkvæmdir við Hafnartorg raska þjónustu á svæðinu töluvert. Forstjóri Bæjarins beztu segir minni traffík og minni sölu. Eigandi Hornsins segir framkvæmdir hafa áhrif á aðgengi og gangi hægt.**

**SKIPULAGSMÁL** Framkvæmdir sem standa nú yfir við Hafnartorgsreitinn hafa töluverð raskandi áhrif á veitingaþjónustu við svæðið. „Við höfum fundið fyrir minnkandi traffík út af þessu. Þegar traffíkin minnkar er minna að gera,“ segir Guðrún Kristmundsdóttir, forstjóri Bæjarins beztu.

Guðrún ítrekar þó að þegar framkvæmdum ljúki verði svæðið mun skemmtilegra. „Þetta hefur náttúrulega áhrif en við verðum mjög glöð þegar þetta verður búið því umhverfið verður miklu fallegra og skemmtilegra en það var fyrir.“

Framkvæmdirnar hafa staðið yfir í um ár og útlit er fyrir að þær muni standa yfir fram til ársloka 2018. „Þetta á eftir að versna. Þeir eiga eftir að flytja rafmagnsskúrinn sem er í horninu á annan stað og það verður rosa mikið rask sem fylgir því. Þetta er ekki búið enn, en við verðum bara að vera þolinmóð,“ segir Guðrún.

Hún segir röskunina helst lýsa sér í verra aðgengi. „Það er mjög erfitt að komast þarna að. Það liggur eiginlega við að bara fuglinn fljúgandi komist þarna að.“ Borgin hefur ekki boðið pylsustaðnum bætur vegna framkvæmdanna, og ekki hefur Guðrún farið fram á það.

Jakob Hörður Magnússon, eigandi veitingastaðarins Hornsins, segir framkvæmdirnar leggjast ágætlega í sig. „Þetta bara tekur svo langan tíma, þetta verður allt voða flott þegar þetta er búið, ég get ekki betur séð.

> **Þetta er orðið svo þröngt allt þar sem þessar framkvæmdir eru. En ég held að menn bíti bara á jaxlinn**
>
> Jakob Hörður Magnússon, eigandi veitingastaðarins Hornið

Þetta hefur einhver áhrif, svona slæmt aðgengi, og mér finnst þetta ganga hægt. Ég get þó ekki beint sagt að það sé minni traffík út af þessu,“ segir Jakob.

Hann telur bílastæðaskort í miðbænum vera að verða mikið vandamál sem lítið sé talað um. „Ég hugsa að það geti líka haft áhrif, en ég finn ekki fyrir þessu enn þá, þetta er allt í lagi.“

Stóra vandamálið sem Hornið standi frammi fyrir sé, líkt og hjá Bæjarins beztu, skert aðgengi. „Það er skert aðgengi að veitingastaðnum mínum, en það er líka að verða svo erfitt fyrir menn að koma með vörur, ekki bara til mín heldur á öll veitingahúsin sem eru hérna í Kvosinni. Þetta er orðið svo þröngt allt þar sem þessar framkvæmdir eru. En ég held að menn bíti bara á jaxlinn og taki þessu með æðruleysi.“

saeunn@frettabladid.is




# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

Í TAKMARKAÐAN TÍMA

## OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

TILBOÐ

### HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
**70 Nm hersla**
**Tveggja gíra**
**13 mm patróna**
**T-STAK taska**

vnr 94DCD796D2

33.900 m/vsk

Fullt verð 40.268 m/vsk




TILBOÐ

### MÁLBAND 5M

Tylon málband frá Stanley

vnr 93030697

585 m/vsk

Fullt verð 731 m/vsk




TILBOÐ

### SMÍÐABÚKKAR

Tveir búkkar saman.

vnr 93STS1-70713

7.068 m/vsk

Fullt verð 8.835 m/vsk



TILBOÐ

### HÖGGBORVÉL

SDS + höggborvél með víbringsvörn nær að bora 90 göt á einni hleðslu miðaða við 10 mm bor.

vnr 94DCH273N

57.520 m/vsk

Fullt verð 67.682 m/vsk




TILBOÐ

### SMÁHLUTABOX

Gott box sem er með tíu hólfum í misjöfnum stærðum

vnr 93197517

2.398 m/vsk

Fullt verð 2.998 m/vsk




TILBOÐ

### BAKPOKI FATMAX

Fyrir verkfæri með 50 hólfum.
Vatnsheldur botn.

vnr 93195611

7.799 m/vsk

Fullt verð 9.749 m/vsk



TILBOÐ

### LASER 360° 3JA LÍNU GRÆNN

4 X Sjáanlegri en Rauður geisli. 3 X 360°. Vatns og rakavarinn IP65
Prófaður fyrir 2m fall
10.8v 2.0 Ah Rafhlaða

vnr 94DCE089D1G

65.000 m/vsk

Fullt verð 85.342 m/vsk



TILBOÐ

### VELTISÖG 305 MM

Mesta skurðargeta: 63 X 205 mm
Mesti halli: 48°
Blaðastærð: 305 mm

vnr 94D27107

149.900 m/vsk

Fullt verð 159.900 m/vsk




TILBOÐ

### STINGSÖG 701W

Fjórar stillingar á blaðstöðu
Þyngd 2,8 kg

vnr 94DW331K

34.900 m/vsk

Fullt verð 38.053 m/vsk




TILBOÐ

### SLÍPIROKKUR 1400W

Afl inn: 1400W
Blaðastærð: 125 mm
Þyngd: 2,2 kg

vnr 94DWE4237

17.900 m/vsk

Fullt verð 22.523 m/vsk




Tilboð gilda frá 8 - 12. maí eða á meðan birgðir endast


www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI



Brigitte Trogneux ætlar að taka virkan þátt í starfi eiginmanns síns, Emmanuels Macron. Hún fagnaði með honum á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ósáttir við að geta ekki kosið með hjartanu



Áætlað er að um 300 þúsund manns hafi komið saman við Louvre á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**„Ég er mjög ánægður með að hún tapaði. Hún hefði mátt tapa meiru,“ segir Björn Bjarnason um LePen. Fróðlegt verði að fylgjast með nýkjörnum forseta og flokki hans. Mikil stemning var í París á sunnudag.**

Frakkar fögnuðu langt fram á nótt eftir að ljóst varð á sunnudag að Emmanuel Macron yrði næsti forseti Frakklands. Hann hlaut um 66 prósent gildra atkvæða en Marine LePen hlaut þriðjung þeirra.

„Það var svakaleg stemning og þetta er greinilega mikill hátíðisdagur fyrir Frakka,“ sagði Þórhildur Þorkelsdóttir, fréttamaður á Stöð 2, sem var stödd í París um helgina. „Þeir taka þessu mjög alvarlega og eru mjög ástríðufullir,“ segir hún um stemninguna á meðal Frakka.

Um 300 þúsund Frakkar hópuðust saman í Tuileries-garðinum, við Louvre, til að fagna nýkjörnum forseta. „Það var ótrúlegt að fylgjast með þessu,“ segir Þórhildur og bætir við að löggæslan hafi verið gríðarleg.

Þórhildur segist skynja að Frakkar uni niðurstöðunni mjög vel en ákveðinn hópur sé óhress með að hafa ekki getað kosið með hjartanu heldur hafi þeir helst verið að hugsa um að halda Le Pen frá. „Sérstaklega vinstri mennirnir. Þeim finnst þeir ekki hafa átt neinn frambjóðanda sem þeir gátu kosið. Enda endurspeglast það í því að það var metfjöldi auðra atkvæða og kosningaþátttakan var léleg,“ segir Þórhildur. Hún segir fána Evrópusambandsins hafa verið áberandi eftir sigur Macrons og augljóst að þeir sem voru samankomnir á torginu litu á niðurstöðuna sem sigur fyrir þá sem vilja áframhaldandi aðild að Evrópusambandinu. Enda hafði Le Pen heitið því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort Frakkar ættu að vera áfram í ESB.

> **Hann skýrði auðvitað sín sjónarmið í kosningabaráttunni og var málefnalegur á meðan hún var eiginlega bara dónaleg, ef svo má segja**
>
> Björn Bjarnason, formaður Varðbergs



Björn Bjarnason, formaður Varðbergs – Samtaka um vestræna samvinnu og fyrrverandi ráðherra, hefur fylgst vel með kosningabaráttunni. Hann segir niðurstöðuna styrkja Evrópusambandið í sessi en bendir á að Macron hafi ætlað að vinna að breytingum á Evrópusambandinu til að stuðla að breytingum í átt að meira lýðræði. Þessi fyrirheit hans séu ekki beinlínis fagnaðarefni fyrir þá sem fara með völdin í Evrópusambandinu. Það verði því spennandi að sjá hvernig mál þróast. „Þessi óánægja innan Evrópusambandsins með skort á lýðræðislegu umboði þeirra sem fara með æðstu stjórn er ekki bara bundin við Frakkland,“ segir Björn.



**Macron veifaði til fjöldans. Nú þarf hann að undirbúa sig fyrir þingkosningar í sumar.**

Björn segist ánægður með að Macron hafði sigur gegn LePen. „Ég er mjög ánægður með að hún tapaði. Hún hefði mátt tapa meiru.“

Björn segir að það verði spennandi að fylgjast með Macron í framhaldinu. „Það verður spennandi að sjá hvern hann velur sem forsætisráðherraefni og hvernig hann myndar ríkisstjórn,“ segir hann. Þá verði spennandi að sjá hvernig þingið verður samsett eftir þingkosningarnar í sumar.

„Ég á ekki von á því að Le Pen fái mikið í þingkosningunum en það er ekki vitað hvað hann fær,“ segir Björn og bendir á að bæði Macron og flokkur hans séu óskrifað blað. „En hann skýrði auðvitað sín sjónarmið í kosningabaráttunni og var málefnalegur á meðan hún var eiginlega bara dónaleg, ef svo má segja.“ **jonhakon@frettabladid.is**




**Umsóknarfrestur er til 15. maí**

# Nýtt meistaranám í markaðsfræði

Meistaranám í markaðsfræði við Háskólann á Bifröst er nýtt nám sem er sérstaklega sniðið að þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við markaðsmál, auk þeirra sem búa yfir reynslu af markaðs- og sölumálum, til að dýpka þekkingu sína með heildsstæðu námi í heimi markaðsfræðinnar.

Í meistaranámi í markaðsfræði við Háskólann á Bifröst er val á milli MS gráðu eða MMM gráðu (Master of Marketing Management). MS gráða er 90 eininga meistaranám þar sem nemendur ljúka 10 námskeiðum ásamt MS ritgerð. MMM gráða er 90 eininga nám á meistarastigi án lokaritgerðar þar sem nemendur ljúka 15 námskeiðum.

**Meistaranám á Bifröst er kennt í fjarnámi þar sem nemendur geta stýrt námshraða sínum í gegnum námið.**

**Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2017 er til 15. maí**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

*- fyrir þá sem ætla lengra*

TILBOÐ
Á VÖLDUM BÍLUM

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!



www.bilaland.is

60.367 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 152519



HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 06/15, ekinn 68 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð áður: 5.190.000
TILBOÐ 4.590 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

48.605 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 370237



NISSAN X-Trail Acenta Plus 2
Nýskr. 12/14, ekinn 37 þ.km, dísil, 6 gírar.
Verð áður: 4.190.000
TILBOÐ 3.690 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

15.934 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 370418



RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 08/11, ekinn 74 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð áður: 1.690.000
TILBOÐ 1.190 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

26.389 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 152645



KIA Rio EX
Nýskr. 02/14, ekinn 38 þ.km, bensín, sjálfskiptur, 4 gírar.
Verð áður: 2.390.000
TILBOÐ 1.990 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

21.161 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 152641



HONDA Jazz Elegance
Nýskr. 06/13, ekinn 52 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.990.000
TILBOÐ 1.590 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

43.378 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 143845



PEUGEOT 508
Nýskr. 04/16, ekinn 27 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð 3.790.000
TILBOÐ 3.290 þús. kr.
Staðsetning: Klettháls 11

bílaland
Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM81892




Nichole Leigh Mosty FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jafnlaunavottun gæti frestast til næsta hausts

**Varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar segir frumvarp um jafnlaunavottun ekki geta verið í forgangi. Nefndin hefur einungis fengið tvö erindi. Staðlaráð segir ekki rétt að þvinga fyrirtæki til að nota jafnlaunastaðal.**

**ALÞINGI** Hugsanlegt er að frumvarp um jafnlaunavottun verði ekki afgreitt á Alþingi í vor vegna tímaskorts og lagt fram aftur næsta haust.

„Ég væri alveg til í það. Þetta er mikilvægt mál en það er líka mikilvægt að það sé vel unnið,“ segir Nichole Leigh Mosty, varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar og framsögumaður málsins í nefndinni.

Nichole segir mörg verkefni liggja fyrir nefndinni núna. „Það eru svo mörg ríkisstjórnarmál að koma upp til okkar á stuttum tíma. Við fáum í allsherjar- og menntamálanefnd mál frá velferðarráðherra og frá menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra þannig að við sitjum uppi með mörg mál. Tímasetningin er þannig að það er ekki víst að þetta geti verið í forgangi.“

Samkvæmt dagskrá Alþingis á að ljúka þingi í lok mánaðar. „Ég sit yfir fullt af málum og við þurfum að finna leið til að klára þetta innan þriggja vikna eða taka afstöðu til þess hversu mikilvægt það er að málin klárist á vorþingi eða hvort það er hægt að vinna þau betur á haustþingi. Vegna þess að þetta snýst líka um það að mál séu vel unnin. Alla vega fyrir mína parta og okkar í Bjartri framtíð,“ segir Nichole.

> **Þetta snýst líka um það að mál séu vel unnin. Alla vega fyrir mína parta og okkar í Bjartri framtíð.**
>
> Nichole Leigh Mosty, þingmaður Bjartrar framtíðar

Frestur til að skila inn athugasemdum um frumvarpið rennur út á morgun. Einungis tvö erindi hafa verið send nefndinni vegna þess. „Mér finnst það ekki nægjanlega gott að það séu bara tvær umsagnir,“ segir Nichole.

Í umsögn Staðlaráðs, sem hannaði staðalinn, segir að ekki sé rétt að skylda fyrirtæki og stofnanir til að innleiða hann. Frekar ætti að umbuna þeim sem það gera með einhvers konar ívilnunum. „Staðlaráð telur vænlegra til árangurs að beita jákvæðri hvatningu frekar en þvingunum. Staðlar eru almennt ætlaðir til valfrjálsrar notkunar og þeir eiga að láta fyrirtækjum og stofnunum í té lausnir fremur en að vera skyldubundin úrræði,“ segir í umsögn Staðlaráðs.

Í umsögn VR er frumvarpinu hins vegar fagnað og tekið fram að það sé mikilvægur áfangi í átt að fullu jafnrétti karla og kvenna.

jonhakon@frettabladid.is

# Fyrirtækjum muni fækka úti á landi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir fyrirhugaðar hækkanir virðisaukaskatts á ferðaþjónustu geta stórlaskað fyrirtæki í greininni sem muni mest bitna á fyrirtækjum á landsbyggðinni. Einyrkjar og lítil fyrirtæki muni líkast til ekki þola hækkunina og segir hann Sjálfstæðisflokkinn ekki fara eftir eigin samþykktum.

„Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti á síðasta aðalfundi að verja greinina og ekki leggja íþyngjandi álögur á hana og skattleggja hana um of. Við erum sammála um að sú er ekki raunin nú í þessu samstarfi,“ segir Elliði.

Að endingu fækki fyrirtækjum og þau stækki sem er ekki ákjósanleg breyting á íslenskri ferðaþjónustu að mati Elliða og merkir sömu þróun og í sjávarútvegi.

„Ég verð að segja það að ég hef áhyggjur af stöðu ferðaþjónustufyrirtækja vegna hækkunar virðisaukaskatts. Nú á að reyna að ná sem mestu út úr greininni sem gæti haft þveröfug áhrif,“ segir Elliði. „Það sem er að gerast núna er nákvæmlega það sama og gerðist varðandi sjávarútveginn. Þá átti að reyna að hækka álögur á greinina í heild með þeim afleiðingum að fyrirtækjum fækkaði á meðan þau sem eftir urðu stækkuðu og stækkuðu.“ – sa



Elliði Vignisson. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# IKEA-pólitík



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Sigur Emmanuels Macron í forsetakosningunum í Frakklandi þýðir að Frexit er nær óhugsandi. Og þótt þjóðernispopúlisminn í Evrópu hafi ekki steytt á skeri hefur dregið úr slagkrafti hans alls staðar í álfunni.

Ef til vill eru einfaldar skýringar á sigri Macrons. Árangur hans er staðfesting þess að þrátt fyrir stéttaólgu og ágreining um hugmyndastefnur er alltaf eftirspurn eftir hæfileikaríkum einstaklingum. Macron er af sama sauðahúsi og Justin Trudeau og Barack Obama. Hann er með réttan kokteil af mælsku og sjarma. Stefnan er nógu mild og óljós þannig að flestir geta sætt sig við hana.

Macron hefði ekki unnið slíkan yfirburðasigur ef hann hefði haft einhvern annan frambjóðanda en Marine Le Pen á móti sér enda er hann ákaflega reynslulítill. Macron er fínpússaður og sléttur. Settur á markað til að höfða til sem flestra eins og pólitískt vörumerki. Hann er hvorki til hægri né vinstri. Macron er IKEA stjórnmálanna, boðar lausnir fyrir alla. Þetta gerir hann undir formerkjum miðjusækinnar framfarahyggju eða sanngirnisstefnu, hvað sem það nú þýðir. Stærsti kostur hans er samt sá að hann er ekki Marine Le Pen og þess vegna bar hann sigur úr býtum.

Ef Macron ætti sér hliðstæðu í íslenskum stjórnmálum væri viðkomandi í Bjartri framtíð, Viðreisn og kannski Samfylkingu Ingibjargar Sólrúnar eða Árna Páls Árnasonar á góðum degi. Í Bjarna Benediktssyni býr líka lausnamiðuð taug sem er laus við hugmyndafræði.

Fólk eins og Macron er að finna í öllum flokkum í öllum vestrænum ríkjum. Lausnamiðað fólk sem lætur ekki stjórnast af hugmyndafræðilegu ofstæki heldur miklu fremur stefnumálum sem þjóna hagsmunum heildarinnar. Pólitík þessa fólks er alls ekki skýr og hún er ógegnsæ á köflum. Loddarar þrífast vel undir merkjum slíkrar stefnu en sé hún rekin heiðarlega er hún af hinu góða því hún grundvallast á hagsmunum heildarinnar. Í fjölmenningarsamfélaginu er góð pólitík jafnvægislist ólíkra efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra hagsmuna.

Breski 19. aldar heimspekingurinn Jeremy Bentham sagði að stefna ríkisins, markaðarins og vísindasamfélagsins ætti að grundvallast á því að hámarka hamingju fjöldans. Stjórnmálamenn ættu að semja um frið, kaupsýslumenn ættu að stuðla að velmegun og fræðimenn að stunda vísindarannsóknir. Ekki fyrir konunginn, ættjörðina eða Guð heldur til að hámarka hamingju almennings. IKEA-pólitíkin sem Macron boðar snýst um praktískar lausnir án öfga. Því hægri- og vinstristefnur geta báðar skaðað samfélagið sé þeim fylgt út fyrir ramma meðalhófsins. Sósíalisminn var 20. aldar tilraun sem misheppnaðist. Og hömlulaus frjálshyggja grefur undan tilvist samfélagsins sjálfs.

Kjör Emmanuels Macron er gott fyrir Evrópu og gott fyrir frið og stöðugleika. Kjósendur í Hollandi og Frakklandi stóðust lýðræðisprófið og jarðvegur haturs er ekki jafn frjór og hann var áður. Útlendingaandúðin sem var svo áberandi í álfunni í nokkur ár eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna er vonandi að koðna niður. Eitt skref í einu.

**Macron er af sama sauðahúsi og Justin Trudeau og Barack Obama. Hann er með réttan kokteil af mælsku og sjarma.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Óheppileg ummæli**

Flest bíðum við spennt eftir því að Svala okkar Björgvinsdóttir stígi á svið í Eurovision í kvöld með lagið sitt Paper. Rætt var við þá Gísla Martein Baldursson og Felix Bergsson í Fréttablaðinu í gær, en þeir eru báðir staddir í Kænugarði þar sem keppnin fer fram. „Það er alltaf gamla sagan að stærstu listamennirnir eru ekki með stjörnustæla en þeir sem spáð er litlum frama eru svolítið þurrir og leiðinlegir,“ sagði Gísli Marteinn. Kannski pínulítið óheppileg ummæli hjá sjónvarpsstjörnunni í ljósi þess að okkar konu er ekki spáð neitt sérstöku gengi í keppninni.

**Jafnlaunavottunin**

Allt frá því að núverandi ríkisstjórn var mynduð hefur verið vitað að Þorsteinn Víglundsson velferðarráðherra myndi mæta andbyr við að fá frumvarp um jafnlaunavottun afgreitt á Alþingi, jafnvel þótt um málið sé skrifað í stjórnarsáttmála. Hver þingmaður Sjálfstæðisflokksins á fætur öðrum hefur lýst efasemdum um frumvarpið. Hvort umsögn Staðlaráðs, sem hannaði jafnlaunastaðalinn, verði til þess að slá málið algjörlega út af borðinu skal ósagt látið. En ætli sé ekki ekki hægt að taka undir með Nichole Leigh Mosty, varaformanni allsherjar- og menntamálanefndar, sem segir í Fréttablaðinu í dag að hugsanlega sé rétt að fresta málinu.

jonhakon@frettabladid.is

# Fiskur á silfurfati



**Oddný G. Harðardóttir**
formaður þingflokks Samfylkingarinnar

Þorskstofninn hefur aldrei mælst stærri en við síðustu mælingar Hafrannsóknastofnunar. Það verður því að teljast afar líklegt að tillaga um viðbótarkvóta komi fram fyrir næstu fiskveiðiár enda hefur kvótinn nærri tvöfaldast síðustu tíu fiskveiðiár þrátt fyrir lakari mælingar.

Ríkisstjórnin, með sjávarútvegsráðherra Viðreisnar í fararbroddi málaflokksins, vill ekki breyta lögum um fiskveiðistjórnun svo hægt sé að bjóða út viðbótarkvótann. Þess vegna verður honum að óbreyttu skipt á milli núverandi kvótaeigenda. Alþingi er í fullum rétti til að stöðva þann gjafagjörning. Alþingi ætti að lögleiða réttlátari meðferð fiskveiðiauðlindarinnar fyrir hönd eigenda hennar. Í það minnsta ætti að stöðva áform ríkisstjórnarinnar um að færa viðbótarkvóta útgerðinni á silfurfati.

Með útboði á viðbótarkvóta fengist verðmæt reynsla af útboðsleiðinni sem gæti nýst vel í viðræðum sáttanefndar þeirrar sem sjávarútvegsráðherra hyggst skipa á næstunni um fiskveiðistjórnunarkerfið. Með reglum um útboð væri mögulegt að auðvelda aðkomu útgerða frá viðkvæmari svæðum landsins, stuðla að nýliðun og vinna gegn samþjöppun aflaheimilda.

Ef tækifærið er ekki nýtt verður það útboð sem fyrir er styrkt enn frekar, þ.e.a.s. útboð á kvóta sem nú er í höndum útgerðarinnar sjálfrar. Á þeim útboðsmarkaði fór kílóið af þorski á 211 kr. í haust en gengur nú um stundir á 180 kr. en 11 kr. renna til ríkissjóðs í formi veiðigjalds. Skólar og heilbrigðisstofnanir eru á sama tíma í rekstrarvanda vegna fjárskorts og vegirnir að molna undan okkur.

Hvers vegna ætli stjórnvöldum finnist mikilvægara að færa útgerðinni viðbótarkvóta á spottprís frekar en að fá fyrir hann markaðsverð og láta tekjurnar renna til velferðarþjónustu fyrir almenning? Hvort sagðist Viðreisn fyrir kosningar ætla að gæta betur að sérhagsmunum eða hag almennings? Þjóðin á þessa auðlind og á rétt á sanngjörnu gjaldi fyrir afnotaréttinn af henni.

Á dögunum átti ég samtal við sjávarútvegsráðherra og þingflokksformann Viðreisnar um þessi mál í þinginu. Báðar lofuðu þær nefndum en engum efndum og líklega er það einmitt forsenda stjórnarsamstarfsins.

**Hvers vegna ætli stjórnvöldum finnist mikilvægara að færa útgerðinni viðbótarkvóta á spottprís frekar en að fá fyrir hann markaðsverð og láta tekjurnar renna til velferðarþjónustu?**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heimilisbókhald

## Opið bréf til Óttars Proppé heilbrigðismálaráðherra



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Það má leiða að því rök að þegar bæði forsætis- og fjármálaráðuneyti séu á einni og sömu hendi ráði sú hönd landinu. Í dag eru þessi ráðuneyti undir stjórn tveggja manna sem eru að vísu ekki í sama stjórnmálaflokki en úr sömu fjölskyldu. Afleiðingin er sú að þeir haga sér eins og lýðveldið Ísland sé fjölskyldufyrirtæki. Það endurspeglast meðal annars í því að þegar bent er á að það kunni að vera hagsmunatengsl fólgin í því að fjölskylda þeirra sé í miklum og vaxandi viðskiptum við ríkið halda þeir því fram að um róg sé að ræða enda hvernig geta það talist hagsmunatengsl þegar menn eru í viðskiptum við sjálfa sig. Þeir eru einfaldlega að flytja fé úr einum vasa sínum (ríkis) í annan vasa sinn (fjölskyldu). Með þessum orðum er ég ekki að segja að þetta sé að gerast heldur einungis að svona líti þetta út. Og ráðherrunum tveimur virðist sama.

Víkur nú sögunni að heilbrigðismálum:

Á síðasta ári tjáði samfélagið sig skýrt og kröftuglega um heilbrigðiskerfi landsins, kvað það laskað og ekki þess umkomið að sinna hlutverki sínu. Landspítalinn, sem er miðtaugakerfi heilbrigðisþjónustunnar, var að mati samfélagsins illa tækjum búinn, illa menntur og ekki fjármagnaður til þess að sinna hlutverki sínu. Sjúklingar þjáðust út af þessu og gera enn og það er líklegt að einhverjir hafi ónauðsynlega dáið fyrir aldur fram vegna þess að við sveltum heilbrigðiskerfið að því marki að það gat ekki lyft höfði frá kodda.

Samfélagið krafðist þess að forgangsröðun í ríkisfjármálum yrði breytt og heilbrigðiskerfið endurreist. Áttatíu og sex þúsund og fimm hundruð manns skrifuðu undir áskorun þess efnis til Alþingis. Með örfáum undantekningum voru Íslendingar sammála um að mikilvægasta verkefni samfélagsins væri endurreisn heilbrigðiskerfisins og það mætti miklu fórna til þess að það tækist. Fyrir kosningar hétu leiðtogar allra stjórnmálaflokkanna því að þeir myndu einhenda sér í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins ef þeir enduðu í ríkisstjórn.

Nú höfum við búið við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar í þrjá og hálfan mánuð og hún hefur lagt fram fimm ára áætlun ríkisfjármála, sem segir það svart á hvítu að hún ætli ekki að standa við fyrirheitin um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Í stað þess að láta meta vandræði kerfisins, ákveða hvað þurfi til þess að leysa þau og reiða það síðan fram vill ríkisstjórnin skammta kerfinu ákveðna fjárupphæð á ári hverju sem miðast við eitthvað allt annað en endurreisn þess. Stjórnendur Landspítalans halda því meira að segja fram að áætlunin geri ráð fyrir niðurskurði. Fjármálaráðherra heldur því fram að svo sé ekki. Eitt hljóta menn þó að vera sammála um, að áætlunin ríkisfjármála ber ekki með sér hinn minnsta vott um þá myndarlegu uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem þjóðin hefur einróma kallað eftir og henni var lofað fyrir kosningar.

Ég hjó eftir því, Óttarr, að þegar ég talaði við þig í síma um daginn sagðirðu að þótt þú gerðir þér grein fyrir vanda heilbrigðiskerfisins værirðu ekki svo einfaldur að taka ekki tillit til fjárhagslegs raunveruleika. Fjárhagslegi raunveruleikinn er sá að skattar voru lækkaðir af síðustu ríkisstjórn á þeim forsendum að ástandið væri gott í ríkisrekstrinum. Hvaða forsendur voru notaðar til þess að komast að þeirri niðurstöðu að ástandið væri svo gott að ríkið ætti að afsala sér tekjum meðan það hafði ekki efni á því að sinna sjúkum og meiddum með sóma? Nú lítur út fyrir að ríkisstjórnin sem þú situr í ætli að fylgja fordæmi þeirrar síðustu og afsala sér töluverðum tekjum með lækkun virðisaukaskatts á sama tíma og hún treystir sér ekki í endurreisn heilbrigðiskerfisins.

Spurningin hlýtur að vera hvers vegna ríkisstjórnin heykist á því að standa við gefin loforð um endurreisn heilbrigðiskerfisins. Svar við henni velkist fyrir mönnum vegna þess að það er líklega enginn annar gjörningur sem myndi afla ríkisstjórninni meiri vinsælda en að standa við þau. Hvers vegna neitar hún sér þá um þann munað?

Ein af afleiðingum fjársveltis Landspítalans og annarra þátta hins opinbera heilbrigðiskerfis er bætt rekstrarskilyrði fyrir einkarekstur. Sá grunur er farinn að læðast að fólki að þessi afleiðing sé ein af ástæðunum eða með öðrum orðum að Landspítalinn og aðrir hlutar opinbera heilbrigðiskerfisins séu meðvitað eða ómeðvitað fjársveltir til þess ýta undir einkarekstur.

Ein af birtingarmyndum þessa er að Sjúkratryggingar Íslands hafa búið að rúmum heimildum til þess að vera harkalega aðhaldssamar við Landspítalann og örlátar í samningum við stéttarfélög heilbrigðisstarfsmanna. Afleiðingin er sú að meðlimir stéttarfélaganna hafa tilhneigingu til þess að forðast að vinna fyrir hið opinbera kerfi og starfsstöðvar þeirra einkareknar spretta eins og lúpínur út um allt og sækja sínar tekjur til ríkisins. Þær tekjur eru fé sem annars mætti nýta til þess að styðja við og bæta vel skipulagt heilbrigðiskerfi.

**Það ber að hafa í huga að allar tekjur Klíníkurinnar af þessum aðgerðum eiga rætur sínar í því að Landspítalinn er undirfjármagnaður þannig að hann getur ekki sinnt nema hluta af þeim aðgerðum sem samfélagið þarf á að halda. Ef Landspítalinn væri almennilega fjármagnaður ætti enginn að fara í þessa aðgerð í Ármúlanum vegna þess að þar hafa sjúklingar ekki þau öryggisnet sem er ætlast til í nútíma læknisfræði.**

Eitt af því sem gleymist er að okkar litla samfélag getur ekki staðið undir nema einu heilbrigðiskerfi og flest af því sem er flókið ætti einungis að framkvæma á einum stað á Íslandi, vegna þess að annars eru ekki nægilega mörg tilfelli til þess að hægt sé að viðhalda þekkingu og getu og flytja hvort tveggja á milli kynslóða.

Önnur birtingarmynd felst í orðum forsætisráðherra á Alþingi í vikunni þegar hann sagði að honum fyndist það í fínu lagi að eigendur tækju arð út úr einkafyrirtækjum á heilbrigðissviði. Nú skulum við velta þeirri skoðun fyrir okkur í samhengi við klínik nokkra í Ármúla sem hefur verið í umræðunni upp á síðkastið. Þar eru meðal annars settir í menn gervimjaðmarliðir. Samkvæmt forsætisráðherra væri ósköp eðlilegt að ef það væri ódýrara að gera þetta á Klíníkinni en á Landspítalanum þá yrði munurinn flokkaður sem gróði og einhver hluti hans greiddur út sem arður.

Það ber að hafa í huga að allar tekjur Klíníkurinnar af þessum aðgerðum eiga rætur sínar í því að Landspítalinn er undirfjármagnaður þannig að hann getur ekki sinnt nema hluta af þeim aðgerðum sem samfélagið þarf á að halda. Ef Landspítalinn væri almennilega fjármagnaður ætti enginn að fara í þessa aðgerð í Ármúlanum vegna þess að þar hafa sjúklingar ekki þau öryggisnet sem er ætlast til í nútíma læknisfræði. Ef sjúklingur fer í hjartastopp í aðgerð eða eftir hana er á Landspítalanum teymi sem kemur til þess að endurlífga, ef sýking kemst í skurð eru til staðar smitsjúkdómalæknar á Landspítalanum, ef upp koma önnur almenn lyflæknisfræðivandamál sem eru algeng í þeim aldurshópi sem þarf nýja mjöðm er heil deild lækna reiðubúin á Landspítalanum og svo mætti lengi telja. Ekkert af þessu er til staðar í Ármúlanum.

Og síðan ef upp koma alvarleg vandamál á Klíníkinni eru sjúklingarnir bara sendir niður á Landspítala. Það er því ljóst að stærstur hluti tekna Klíníkurinnar á rætur sínar í fjársvelti Landspítalans og hluti af gróðanum í áhættu sem er tekin með líf og heilsu sjúklinga.

Hverjir standa svo að þessari klíník í Ármúlanum? Svar við þeirri spurningu færir okkur aftur að hagsmunaárekstrunum sem ég drap á í byrjun. Yfirlæknir og stærsti eigandi er Hrólfur Einarsson Sveinssonar. Forsætisráðherra og hann eru bræðrasynir. Stjórnarformaður er eiginkona Gunnars Viðar sem er besti vinur Jóns Benediktssonar, bróður forsætisráðherra. Hugmyndasmiður og stofnandi er dugnaðarforkurinn og eldhuginn Ásdís Halla sem ólst upp við fótskör Engeyinganna. Er nema von að samfélagið spyrji hvort þarna sé komin ástæða þess að Bjarna finnist eðlilegt að eigendur einkafyrirtækja á heilbrigðissviði geti tekið út arð og þess að hann fyrst sem fjármálaráðherra og nú sem forsætisráðherra vill ekki fjármagna Landspítalann að þörfum? Ég á ekki svar við þessari spurningu en ég vona svo sannarlega að það sé nei.

Eitt er víst, Óttarr, að samfélagið er reiðubúið til þess að borga hærri skatta til þess að fjármagna endurreisn heilbrigðiskerfisins. Ef samráðherrar þínir vilja það ekki verður þú að horfast í augu við sjálfan þig og spyrja hvort þú viljir taka þátt í þessu, vegna þess að það ert þú sem verður endanlega kallaður til ábyrgðar. Í ótrúlega fallegri bók sem fjallar um mikinn vanda segir Njörður P. Njarðvík eitthvað á þá leið að þau augnablik komi í lífi sérhvers manns að hann verði að horfast í augu við sjálfan sig í spegli svo hvasst að hann geti ekki annað en litið undan. Síðan verði hann að safna kjarki til þess að horfa aftur til baka. Þú gætir gert þetta með því að fara inn á vef Alþingis og ná í ræðu sem þú fluttir í fyrra og hlusta aftur og aftur á þennan kafla:

„Guð hjálpi þeim sem heillast af hagfræðitölum hveitiframleiðslunnar en staldrar ekki við til að dást að kornaxinu. Þótt peningar falli vissulega ljúfar ofan í reiknilíkön og prósentur en aðrir þættir mannlífsins, þá skipta aðrir hlutir ekki síður máli. Kærleikur, virðing og mannréttindi eru ekki síður mikilvæg og ber að hafa hugfast í störfum bæði þings og ríkisstjórnar. Höfum það hugfast að við vorum ekki bara kosin til að taka ákvarðanir og fara með völd, heldur til þess að þjóna almenningi í landinu. Gerum það, verum góð.“

Þegar þú verður búinn að hlusta á þetta hundrað sinnum er ég viss um að þér finnst þetta ekki lengur bara fallegt og sniðugt heldur líka satt. Á því augnabliki segirðu af þér sem heilbrigðisráðherra og hættir að styðja þessa ríkisstjórn af því þú gerir þér grein fyrir því að þér er ekki sætt við hliðina á mönnum sem líta á kærleikann sem reiknivillu í ríkisbókhaldi.


## VINNINGASKRÁ

**5. FLOKKUR 2017**
**útdráttur 5. maí 2017**

## HAPPDRÆTTI SÍBS

**Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi**

**AÐALVINNINGUR** kr. 5.000.000
70381

**AUKAVINNINGAR** kr. 100.000
70380 70382

**PENINGAVINNINGAR** kr. 500.000

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2037 | 13534 | 14106 | 28603 | 37956 | 46491 | 52516 | 55761 | 65423 | 67027 |

**PENINGAVINNINGAR** kr. 50.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 94 | 7391 | 12936 | 18285 | 24981 | 33794 | 40258 | 45710 | 52612 | 58891 | 64752 | 72452 |
| 147 | 7478 | 12948 | 18629 | 26236 | 34119 | 40353 | 45740 | 52851 | 58982 | 65529 | 72614 |
| 727 | 7495 | 13120 | 19149 | 26931 | 34153 | 40840 | 45773 | 53122 | 59363 | 66195 | 72815 |
| 993 | 7552 | 13198 | 20189 | 27892 | 34244 | 40882 | 45995 | 53710 | 59372 | 66644 | 73404 |
| 2404 | 8188 | 13517 | 20527 | 28598 | 34484 | 41021 | 47154 | 54214 | 59741 | 66647 | 73623 |
| 2756 | 8586 | 14625 | 20537 | 28740 | 34548 | 41321 | 47227 | 54253 | 59832 | 66835 | 74200 |
| 2926 | 8712 | 14872 | 20964 | 28971 | 34687 | 41473 | 47491 | 54726 | 60334 | 66870 | 75072 |
| 3574 | 8747 | 15144 | 20980 | 29034 | 35908 | 41599 | 48290 | 54799 | 60400 | 67394 | 75119 |
| 3946 | 8891 | 15184 | 21042 | 29110 | 36699 | 41697 | 48551 | 54922 | 60679 | 67934 | 76148 |
| 3971 | 9792 | 15792 | 21155 | 29428 | 36807 | 42329 | 49659 | 55402 | 60820 | 68202 | 76650 |
| 4451 | 10796 | 15809 | 21353 | 29754 | 36820 | 42539 | 49807 | 55705 | 61206 | 68673 | 77547 |
| 4466 | 10848 | 15820 | 21758 | 30367 | 36981 | 42773 | 50106 | 56527 | 61395 | 68694 | 78018 |
| 4503 | 10870 | 15938 | 21853 | 30940 | 37618 | 43029 | 50374 | 56666 | 61843 | 69133 | 78136 |
| 5855 | 10902 | 16164 | 22176 | 31499 | 37627 | 43349 | 50405 | 56933 | 62019 | 69136 | 78321 |
| 6251 | 10922 | 16461 | 22320 | 31721 | 38077 | 43537 | 50432 | 57062 | 62393 | 69446 | 79298 |
| 6345 | 10995 | 16742 | 23269 | 31882 | 38652 | 44045 | 50585 | 57144 | 62685 | 69567 | 79436 |
| 6855 | 11194 | 16923 | 23286 | 32020 | 38744 | 44381 | 51240 | 57670 | 62786 | 69806 | 79718 |
| 6929 | 11231 | 17397 | 23622 | 32200 | 39907 | 44461 | 51504 | 58097 | 63759 | 69950 | 79760 |
| 7123 | 12396 | 17710 | 23981 | 33064 | 40111 | 44551 | 51520 | 58186 | 64173 | 71167 | 79948 |
| 7124 | 12643 | 17875 | 24657 | 33631 | 40168 | 45115 | 51631 | 58523 | 64464 | 71395 | |
| 7130 | 12804 | 17919 | 24837 | 33665 | 40201 | 45438 | 51757 | 58821 | 64654 | 71572 | |

**VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM** kr. 30.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 15 | 8003 | 13341 | 21043 | 28306 | 34882 | 41705 | 47834 | 54846 | 60661 | 67822 | 75579 |
| 51 | 8334 | 13385 | 21089 | 28329 | 34924 | 41911 | 48113 | 54979 | 60832 | 68036 | 75620 |
| 208 | 8398 | 13448 | 21113 | 28335 | 34938 | 41921 | 48115 | 55042 | 60864 | 68089 | 75790 |
| 657 | 8420 | 13729 | 21179 | 28363 | 35089 | 42023 | 48146 | 55240 | 60902 | 68523 | 75867 |
| 940 | 8492 | 13988 | 21362 | 28397 | 35100 | 42067 | 48216 | 55447 | 61075 | 68983 | 76097 |
| 1008 | 8851 | 14174 | 21674 | 28597 | 35227 | 42175 | 48535 | 55450 | 61357 | 69066 | 76337 |
| 1024 | 8879 | 14262 | 21709 | 28775 | 35616 | 42176 | 48773 | 55482 | 61651 | 69355 | 76373 |
| 1058 | 9141 | 14732 | 21837 | 29345 | 35778 | 42647 | 49089 | 55492 | 62080 | 69466 | 76473 |
| 1170 | 9148 | 14747 | 21867 | 29658 | 35862 | 42685 | 49295 | 55494 | 62109 | 69646 | 76475 |
| 1501 | 9201 | 14799 | 21873 | 29697 | 35886 | 42953 | 49604 | 55912 | 62251 | 69694 | 76495 |
| 1565 | 9214 | 14857 | 21949 | 29707 | 35994 | 42976 | 50007 | 55921 | 62339 | 69717 | 76815 |
| 1654 | 9460 | 14867 | 22039 | 29728 | 36054 | 43017 | 50038 | 56144 | 62386 | 70025 | 76996 |
| 1915 | 9471 | 14937 | 22783 | 29873 | 36192 | 43270 | 50126 | 56218 | 62426 | 70103 | 77044 |
| 1983 | 9479 | 15000 | 22818 | 29914 | 36365 | 43296 | 50217 | 56454 | 62522 | 70205 | 77094 |
| 2304 | 9598 | 15142 | 22855 | 30157 | 36386 | 43326 | 50257 | 56488 | 62528 | 70217 | 77170 |
| 2535 | 9814 | 15149 | 22975 | 30188 | 36498 | 43568 | 50590 | 56639 | 62623 | 70252 | 77244 |
| 2552 | 9816 | 15189 | 23049 | 30302 | 36607 | 43574 | 50689 | 56664 | 62923 | 70256 | 77270 |
| 2564 | 10164 | 15199 | 23129 | 30404 | 36687 | 43762 | 50756 | 56667 | 63061 | 70368 | 77301 |
| 3029 | 10169 | 15484 | 23266 | 30428 | 36703 | 43826 | 50770 | 56759 | 63095 | 70639 | 77436 |
| 3055 | 10257 | 15633 | 23383 | 30488 | 36724 | 43987 | 50916 | 56881 | 63387 | 71334 | 77517 |
| 3074 | 10353 | 15873 | 23386 | 30981 | 36766 | 44061 | 51162 | 57028 | 63472 | 71443 | 77525 |
| 3178 | 10412 | 15984 | 23621 | 31161 | 36826 | 44118 | 51307 | 57123 | 63506 | 71545 | 77536 |
| 3242 | 10858 | 16454 | 23833 | 31319 | 37186 | 44168 | 51432 | 57128 | 63536 | 71838 | 77575 |
| 3246 | 11055 | 16729 | 24268 | 31398 | 37240 | 44356 | 51433 | 57281 | 63557 | 71853 | 77700 |
| 3823 | 11134 | 16741 | 24521 | 31400 | 37609 | 44603 | 51485 | 57425 | 63646 | 72136 | 77725 |
| 3944 | 11179 | 16779 | 24675 | 31428 | 37707 | 44644 | 51609 | 57460 | 63811 | 72163 | 77749 |
| 4004 | 11212 | 16959 | 24740 | 31622 | 37827 | 44739 | 51694 | 57522 | 63898 | 72297 | 78076 |
| 4308 | 11229 | 17020 | 24826 | 31742 | 37833 | 44839 | 51782 | 57728 | 64008 | 72695 | 78114 |
| 4677 | 11296 | 17182 | 25103 | 31748 | 38195 | 44852 | 51844 | 57816 | 64149 | 72867 | 78286 |
| 4854 | 11308 | 17526 | 25291 | 31915 | 38197 | 45032 | 52129 | 57858 | 64223 | 72999 | 78309 |
| 5073 | 11374 | 17582 | 25394 | 31923 | 38233 | 45044 | 52221 | 58096 | 64370 | 73032 | 78368 |
| 5151 | 11453 | 17704 | 25427 | 32053 | 38373 | 45107 | 52241 | 58302 | 64383 | 73204 | 78400 |
| 5324 | 11583 | 17755 | 25457 | 32362 | 38434 | 45143 | 52292 | 58336 | 64507 | 73213 | 78438 |
| 5375 | 11660 | 17780 | 25745 | 32410 | 38547 | 45192 | 52312 | 58472 | 64591 | 73368 | 78456 |
| 5414 | 11897 | 17888 | 25912 | 32462 | 38831 | 45236 | 52332 | 58485 | 65071 | 73421 | 78724 |
| 5752 | 11905 | 18254 | 25916 | 32671 | 38916 | 45286 | 52477 | 58490 | 65135 | 73780 | 78735 |
| 5754 | 11985 | 18255 | 25998 | 32878 | 39002 | 45479 | 52554 | 58499 | 65153 | 73787 | 78744 |
| 5979 | 12100 | 18262 | 26104 | 33045 | 39036 | 45635 | 52565 | 58790 | 65300 | 73971 | 78853 |
| 6025 | 12169 | 18342 | 26254 | 33086 | 39145 | 45660 | 52578 | 58866 | 65311 | 74005 | 78896 |
| 6069 | 12225 | 18646 | 26303 | 33214 | 39197 | 45704 | 53111 | 59009 | 65643 | 74141 | 79010 |
| 6112 | 12373 | 18711 | 26382 | 33220 | 39267 | 45799 | 53144 | 59027 | 66033 | 74277 | 79597 |
| 6181 | 12431 | 18774 | 26452 | 33311 | 39387 | 46078 | 53253 | 59076 | 66334 | 74286 | 79622 |
| 6189 | 12434 | 18866 | 26686 | 33459 | 39492 | 46099 | 53298 | 59167 | 66391 | 74313 | 79745 |
| 6267 | 12476 | 19056 | 27187 | 33464 | 39673 | 46776 | 53308 | 59529 | 66399 | 74431 | 79939 |
| 6328 | 12541 | 19384 | 27202 | 33500 | 39766 | 46790 | 53452 | 59729 | 66400 | 74636 | 79991 |
| 6684 | 12563 | 20034 | 27436 | 33741 | 39873 | 46917 | 53560 | 59745 | 66506 | 74689 | |
| 6707 | 12679 | 20083 | 27445 | 33822 | 40174 | 46918 | 53603 | 59819 | 66719 | 74778 | |
| 6962 | 12721 | 20112 | 27481 | 34406 | 40602 | 47013 | 53969 | 59943 | 66826 | 74924 | |
| 7178 | 12914 | 20127 | 27491 | 34419 | 40623 | 47274 | 54087 | 59958 | 66894 | 74967 | |
| 7189 | 12956 | 20149 | 27520 | 34578 | 40896 | 47346 | 54318 | 60119 | 66895 | 75166 | |
| 7311 | 13182 | 20194 | 27797 | 34665 | 41020 | 47384 | 54504 | 60121 | 66912 | 75169 | |
| 7430 | 13200 | 20475 | 27896 | 34694 | 41087 | 47410 | 54524 | 60176 | 67037 | 75180 | |
| 7570 | 13216 | 20664 | 28030 | 34759 | 41579 | 47578 | 54549 | 60204 | 67302 | 75189 | |
| 7585 | 13241 | 20819 | 28144 | 34760 | 41602 | 47703 | 54681 | 60376 | 67406 | 75330 | |
| 7828 | 13309 | 20952 | 28265 | 34834 | 41668 | 47704 | 54761 | 60532 | 67415 | 75413 | |

**PENINGAVINNINGAR** kr. 20.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 111 | 6801 | 13568 | 20411 | 27500 | 34128 | 41373 | 48458 | 55637 | 61465 | 67201 | 74544 |
| 317 | 6845 | 13581 | 20419 | 27622 | 34162 | 41445 | 48459 | 55707 | 61469 | 67304 | 74566 |
| 440 | 6967 | 13754 | 20428 | 27786 | 34212 | 41593 | 48727 | 55889 | 61481 | 67360 | 74678 |
| 459 | 7064 | 13915 | 20603 | 27798 | 34216 | 41652 | 48967 | 55893 | 61545 | 67502 | 74712 |
| 514 | 7109 | 14070 | 20678 | 27830 | 34238 | 41696 | 48984 | 56055 | 61613 | 67510 | 74883 |
| 571 | 7158 | 14075 | 20732 | 27908 | 34274 | 41749 | 49031 | 56125 | 61682 | 67695 | 75033 |
| 1039 | 7172 | 14077 | 20747 | 28106 | 34287 | 41885 | 49073 | 56187 | 61720 | 67740 | 75211 |
| 1067 | 7381 | 14122 | 20791 | 28177 | 34304 | 41894 | 49094 | 56258 | 61915 | 67873 | 75615 |
| 1104 | 7443 | 14140 | 20917 | 28185 | 34531 | 41979 | 49167 | 56548 | 62068 | 67906 | 75848 |
| 1236 | 7460 | 14197 | 20935 | 28277 | 34925 | 42166 | 49186 | 56582 | 62105 | 68139 | 75881 |
| 1456 | 7530 | 14265 | 21029 | 28544 | 35045 | 42189 | 49195 | 56658 | 62232 | 68165 | 75889 |
| 1484 | 7554 | 14279 | 21102 | 28550 | 35058 | 42190 | 49253 | 56697 | 62271 | 68391 | 75905 |
| 1589 | 7599 | 14457 | 21131 | 28563 | 35156 | 42344 | 49370 | 56830 | 62302 | 68544 | 76035 |
| 1826 | 7660 | 14736 | 21136 | 28580 | 35164 | 42450 | 49531 | 56833 | 62527 | 68569 | 76042 |
| 1910 | 7902 | 14866 | 21364 | 28582 | 35265 | 42589 | 49756 | 56868 | 62569 | 68813 | 76068 |
| 1928 | 8028 | 14969 | 21424 | 28641 | 35299 | 42636 | 49849 | 56910 | 62727 | 68840 | 76100 |
| 1967 | 8320 | 15106 | 21557 | 28698 | 35459 | 42789 | 49953 | 56958 | 62741 | 69031 | 76125 |
| 2134 | 8470 | 15131 | 21777 | 28728 | 35690 | 42829 | 50044 | 57052 | 62746 | 69118 | 76153 |
| 2253 | 8525 | 15213 | 21982 | 28778 | 35846 | 42943 | 50065 | 57068 | 62793 | 69226 | 76160 |
| 2300 | 8529 | 15278 | 22070 | 28858 | 35995 | 43056 | 50178 | 57091 | 62886 | 69284 | 76210 |
| 2474 | 8566 | 15335 | 22107 | 28988 | 36008 | 43244 | 50193 | 57116 | 62953 | 69294 | 76250 |
| 2559 | 8622 | 15383 | 22377 | 29022 | 36104 | 43498 | 50315 | 57150 | 62973 | 69304 | 76295 |
| 2598 | 8636 | 15423 | 22497 | 29037 | 36114 | 43542 | 50394 | 57206 | 63050 | 69378 | 76546 |
| 2716 | 8649 | 15678 | 22587 | 29047 | 36163 | 43613 | 50403 | 57271 | 63146 | 69426 | 76697 |
| 2837 | 8655 | 15688 | 22653 | 29377 | 36165 | 43636 | 50503 | 57328 | 63222 | 69519 | 76792 |
| 2878 | 8827 | 15861 | 22663 | 29675 | 36205 | 43665 | 50558 | 57379 | 63398 | 69651 | 76897 |
| 2904 | 8961 | 15917 | 22917 | 29812 | 36295 | 43738 | 50594 | 57551 | 63439 | 70220 | 76986 |
| 3045 | 8974 | 16017 | 23160 | 29895 | 36309 | 43784 | 50615 | 57683 | 63871 | 70233 | 77030 |
| 3052 | 9058 | 16136 | 23282 | 30227 | 36380 | 43813 | 50881 | 57712 | 63992 | 70239 | 77050 |
| 3114 | 9190 | 16307 | 23381 | 30234 | 36509 | 43911 | 51070 | 57738 | 63997 | 70296 | 77061 |
| 3141 | 9268 | 16333 | 23488 | 30243 | 36682 | 44099 | 51073 | 57823 | 64025 | 70334 | 77109 |
| 3199 | 9669 | 16610 | 23507 | 30448 | 36912 | 44326 | 51214 | 57883 | 64036 | 70341 | 77239 |
| 3334 | 9696 | 16635 | 23513 | 30471 | 37015 | 44358 | 51376 | 57911 | 64095 | 70376 | 77241 |
| 3402 | 9753 | 16818 | 23667 | 30504 | 37080 | 44379 | 51402 | 57977 | 64168 | 70446 | 77570 |
| 3467 | 9866 | 16883 | 23684 | 30545 | 37171 | 44454 | 51407 | 57993 | 64310 | 70606 | 77738 |
| 3598 | 9887 | 16945 | 23761 | 30567 | 37192 | 44740 | 51535 | 58041 | 64521 | 70696 | 77828 |
| 3670 | 10034 | 17030 | 23884 | 30622 | 37319 | 44774 | 51565 | 58110 | 64624 | 71092 | 77874 |
| 3678 | 10096 | 17164 | 23929 | 30693 | 37366 | 44849 | 51741 | 58242 | 64661 | 71229 | 77905 |
| 3718 | 10371 | 17300 | 23976 | 30858 | 37797 | 44911 | 51751 | 58415 | 64807 | 71285 | 77929 |
| 3740 | 10462 | 17445 | 23989 | 30953 | 37991 | 44960 | 51774 | 58445 | 64836 | 71325 | 78012 |
| 3800 | 10532 | 17519 | 24007 | 31140 | 38095 | 45093 | 51855 | 58514 | 65050 | 71419 | 78062 |
| 3812 | 10554 | 17593 | 24020 | 31170 | 38347 | 45174 | 52009 | 58544 | 65055 | 71514 | 78071 |
| 3914 | 10581 | 17664 | 24114 | 31179 | 38421 | 45180 | 52171 | 58639 | 65114 | 71516 | 78121 |
| 4068 | 10699 | 17865 | 24145 | 31517 | 38686 | 45195 | 52267 | 58771 | 65167 | 71669 | 78211 |
| 4226 | 10759 | 17913 | 24185 | 31605 | 38798 | 45217 | 52377 | 58820 | 65204 | 71694 | 78283 |
| 4274 | 10842 | 17939 | 24411 | 31705 | 38808 | 45281 | 52394 | 58872 | 65412 | 71744 | 78330 |
| 4314 | 11050 | 18215 | 24455 | 31707 | 39024 | 45430 | 52478 | 59068 | 65429 | 71774 | 78384 |
| 4487 | 11125 | 18244 | 24618 | 31816 | 39394 | 45603 | 52558 | 59118 | 65475 | 71796 | 78595 |
| 4494 | 11183 | 18289 | 24683 | 31861 | 39415 | 45731 | 52801 | 59175 | 65518 | 71888 | 78769 |
| 4547 | 11185 | 18541 | 24694 | 31871 | 39570 | 45926 | 52835 | 59178 | 65536 | 71919 | 78818 |
| 4613 | 11324 | 18557 | 24723 | 31950 | 39571 | 45971 | 52855 | 59356 | 65553 | 72240 | 78858 |
| 4848 | 11348 | 18560 | 24782 | 31973 | 39624 | 46020 | 52992 | 59369 | 65558 | 72276 | 78893 |
| 4862 | 11413 | 18763 | 24843 | 32124 | 39660 | 46047 | 53050 | 59406 | 65626 | 72516 | 78922 |
| 4919 | 11416 | 18783 | 24861 | 32181 | 39728 | 46213 | 53055 | 59415 | 65812 | 72575 | 78965 |
| 4920 | 11467 | 18809 | 24977 | 32298 | 39892 | 46282 | 53056 | 59526 | 65925 | 72582 | 78984 |
| 4941 | 11677 | 18905 | 24978 | 32574 | 39895 | 46441 | 53155 | 59547 | 65950 | 72718 | 79015 |
| 4960 | 11687 | 18936 | 24992 | 32577 | 39899 | 46542 | 53171 | 59702 | 66111 | 72744 | 79030 |
| 5002 | 11742 | 19013 | 25598 | 32591 | 40001 | 46643 | 53395 | 59703 | 66117 | 73022 | 79051 |
| 5037 | 11869 | 19205 | 25813 | 32783 | 40014 | 46696 | 53473 | 59708 | 66227 | 73034 | 79242 |
| 5200 | 11899 | 19267 | 25934 | 32937 | 40038 | 46763 | 53521 | 59838 | 66260 | 73108 | 79288 |
| 5268 | 11918 | 19272 | 25991 | 32998 | 40069 | 46908 | 53606 | 59895 | 66263 | 73262 | 79408 |
| 5426 | 11921 | 19294 | 26158 | 33016 | 40267 | 46963 | 53610 | 59898 | 66275 | 73402 | 79470 |
| 5691 | 12010 | 19320 | 26243 | 33148 | 40352 | 47077 | 53632 | 60165 | 66401 | 73489 | 79540 |
| 5698 | 12054 | 19371 | 26629 | 33181 | 40432 | 47270 | 53887 | 60167 | 66491 | 73624 | 79901 |
| 5773 | 12158 | 19422 | 26657 | 33197 | 40462 | 47282 | 53906 | 60196 | 66531 | 73686 | 79932 |
| 5992 | 12310 | 19508 | 26783 | 33206 | 40499 | 47448 | 54330 | 60311 | 66532 | 73760 | |
| 6080 | 12461 | 19573 | 26866 | 33266 | 40559 | 47869 | 54430 | 60362 | 66629 | 73800 | |
| 6185 | 12513 | 19627 | 26926 | 33305 | 40631 | 47909 | 54456 | 60549 | 66764 | 73993 | |
| 6263 | 12592 | 19705 | 27007 | 33312 | 40654 | 47911 | 54616 | 60550 | 66871 | 74056 | |
| 6333 | 12651 | 19711 | 27035 | 33357 | 40714 | 48187 | 54809 | 60952 | 66902 | 74107 | |
| 6392 | 12838 | 19721 | 27157 | 33515 | 40759 | 48196 | 54825 | 60957 | 66997 | 74124 | |
| 6477 | 12980 | 20092 | 27227 | 33707 | 40809 | 48384 | 54942 | 61131 | 67005 | 74211 | |
| 6701 | 13022 | 20143 | 27371 | 33744 | 41156 | 48399 | 54997 | 61153 | 67047 | 74219 | |
| 6720 | 13312 | 20227 | 27410 | 33812 | 41220 | 48418 | 55151 | 61374 | 67091 | 74350 | |
| 6797 | 13567 | 20393 | 27453 | 33976 | 41272 | 48420 | 55453 | 61443 | 67120 | 74530 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 22. maí 2017
Birt án ábyrgðar um prentvillur

# Leynimakk ráðherra



**Helmut Hinrichsen**
gæðastjóri í Fjölbrautaskólanum við Ármúla

Lekið hefur í fjölmiðla að til standi að „sameina“ tvo stærstu framhaldsskóla landsins, Tækniskólann og Fjölbrautaskólann við Ármúla. Tækniskólinn er einkarekinn skóli af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtökum iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík með áherslu á iðnmenntun. Fjölbrautaskólinn við Ármúla er ríkisrekinn skóli með bóknám og starfsmenntun á heilbrigðissviði.

Skólameistari Tækniskólans, Jón B. Stefánsson, upplýsti á dögunum að ráðherra mennta- og menningarmála hefði í febrúar á þessu ári falið skólameisturum beggja skóla að kanna hagkvæmni „sameiningarinnar“. Niðurstöður höfðu legið fyrir síðan í apríl og töldu skólameistarar beggja skóla að hagkvæmt væri að „sameina“ skólana á þeim forsendum sem ráðherra hafði lagt þeim fyrir.

En hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar mati á hagkvæmni? Enginn nema skólameistararnir og nokkrir útvaldir voru upplýstir af ráðherra. Í Bakþönkum Fréttablaðsins þann 6. maí átaldi Sirrý Hallgrímsdóttir, aðstoðarkona fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, þingmann Pírata fyrir að ræða ekki um kosti og galla „sameiningar“ skólanna. En hvernig getur viðkomandi þingmaður rætt hagkvæmni umræddra breytinga þegar efnislegum forsendum er haldið leyndum, jafnvel fyrir starfsfólki og stjórnendum viðkomandi skóla.

Voru skólameistararnir að kanna hagkvæmni í rekstri? Auðvitað er hagkvæmara að vera með stóra hópa en litla. Það er líka hagkvæmara að leyfa ekki nemendum sem eru eldri en 25 ára að stunda nám í ríkisreknum skólum eins og fyrrverandi ráðherra skipaði fyrir og núverandi ráðherra hefur fellt úr gildi. Eða á að meta hagkvæmni með því að taka inn þætti eins og öfluga stoðþjónustu við nemendur, sjálfbæra skólaþróun, umhverfisvitund og margt annað sem Fjölbrautaskólinn við Ármúla er þekktur fyrir?

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er vel rekinn skóli eins og sést á úttekt sem gerð var á öllum þáttum skólastarfsins í byrjun vorannar 2017. Starfsandinn er góður og hefur skólinn fengið viðurkenningu sem Fyrirmyndarstofnun árin 2015 og 2016. Skólinn er leiðandi á Íslandi í framboði fjarnáms á framhaldsskólastigi. Er ástæðan e.t.v. sú að ráðherra vilji færa Tækniskólanum vandað og vinsælt fjarnám sem byggt hefur verið upp í Fjölbrautaskólanum við Ármúla?

Eins og nefnt er að framan er erfitt að ræða efnislega kosti og galla breytinga þegar engar upplýsingar liggja fyrir um forsendur þeirra og enginn faglegur undirbúningur hefur átt sér stað. Starfsfólk beggja skóla býr yfir mikilli reynslu sem ætla mætti að skipti miklu máli þegar um svo mikilvægt mál er að ræða þegar einn stærstu skóla landsins er lagður niður.

Ég lýsi eftir upplýsingum frá ráðherra um forsendur málsins og um þá menntastefnu sem forsendurnar byggjast á. Vinnubrögð ráðherra eru ófagleg og lítilsvirðing gagnvart starfsmönnum skólanna, nemendum og foreldrum þeirra.






# Hvar eru efndirnar?



**María Óskarsdóttir**
fyrir hönd málefnahóps ÖBÍ um kjaramál

Fyrir alþingiskosningar í október 2016 voru frambjóðendur spurðir um hvað þeir ætluðu að gera til að bæta kjör örorkulífeyrisþega. Í svörum sínum lofuðu þeir úrbótum, en hvar eru efndirnar? Staða örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega hefur ekki batnað eftir að ný stjórn og nýr þingmeirihluti tók við. Enginn þarf að velkjast í vafa um að aðstæður margra örorkulífeyrisþega eru mjög erfiðar, þar sem tekjurnar duga ekki til framfærslu nema hluta mánaðarins. Hvernig á fólk að geta framfleytt sér með undir 200.000 krónum á mánuði? Stór hluti örorkulífeyrisþega býr einfaldlega við fátækt. Hjá þeim sem ekki eru þegar fastir í fátækt þarf oft ekki nema viðbótarútgjöld, s.s. að ísskápurinn bili, leigan hækki eða kaupa þurfi sýklalyf, til að fjárhagurinn fari á hliðina.

Þingmenn, þið getið með lagabreytingu afnumið „krónu á móti krónu“ skerðingar. Þetta þarf að gera strax og með afturvirkum hætti.

Ein meginástæða þess að fólk er í þessari stöðu er að lífeyrir almannatrygginga dugir ekki til framfærslu. Til að bæta gráu ofan á svart eru miklar tekjutengingar í almannatryggingakerfinu, sem halda fólki í spennitreyju. Þessar tekjutengingar eru í raun fátæktargildrur og á það sérstaklega við um „krónu á móti krónu“ skerðingar. Um þriðjungur örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega fær greidda uppbót til að hífa tekjur þeirra upp í ákveðið lágmarksviðmið, sem í dag er 227.883 kr. á mánuði fyrir skatt (útborgað rúmar 196.000 krónur). Reyndar er hluti hópsins með enn lægri heildartekjur, en það er efni í aðra grein.

Hvað gerist ef örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþegi með sérstaka framfærsluuppbót fær tekjur eða greiðslur annars staðar frá? Lítum á nokkur dæmi:

**Dæmi I. Séreignarsparnaður**

Jón er 45 ára endurhæfingarlífeyrisþegi. Hann tók út 300.000 kr. séreignarsparnað (fyrir skatt) og við það lækkuðu greiðslur til hans frá TR um 25.000 kr. á mánuði (samtals 300.000 kr.) eða krónu á móti krónu.

**Dæmi II. Lífeyrissjóðstekjur**

Árni er 50 ára örorkulífeyrisþegi. Eftir að hann fékk greiðslur frá lífeyrissjóði sínum, 40.000 kr. á mánuði (fyrir skatt) lækkuðu greiðslur Tryggingastofnunar til hans um sömu upphæð. Samanlagðar tekjur hans eru 196.610 kr. eftir skatt, með og án lífeyrissjóðstekna. Það bætir því engu við lífskjör hans að hafa greitt í lífeyrissjóð og áunnið sér rétt þar.

**Dæmi III. Atvinnutekjur**

Sunna er 30 ára örorkulífeyrisþegi. Hún hefur mjög litla starfsgetu en nær að vinna sér inn 20.000 kr. á mánuði (fyrir skatt og iðgjöld). Þrátt fyrir atvinnutekjurnar hækka samanlagðar ráðstöfunartekjur ekkert, hún fær áfram útborgaðar 196.610 kr. á mánuði. Atvinnutekjur hennar lækka greiðslur TR til hennar um 20.000 kr. á mánuði eða krónu á móti krónu. Hvatinn til vinnu er enginn.

**Dæmi IV: Dánarbætur frá TR**

Anna er 50 ára örorkulífeyrisþegi. Við andlát eiginmannsins sótti hún um dánarbætur hjá Tryggingastofnun, sem eru 47.186 kr. fyrir skatt. Við það lækkuðu greiðslur Tryggingastofnunar til hennar um nákvæmlega sömu krónutölu.

Kæri lesandi, finnst þér í lagi að örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar séu í þessari stöðu? Myndir þú sætta þig við þetta?

Málefnahópur ÖBÍ um kjaramál vill fá breytingar strax og sendi öllum alþingismönnum áskorun um að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Þingmenn voru spurðir hvernig og hvenær þeirra þingflokkur ætli að efna loforð um að afnema þessar skerðingar. Fyrir alþingiskosningar voru uppi loforð um að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar. Svör frambjóðenda er að finna á YouTube-síðu Öryrkjabandalags Íslands.

Óskað var svara innan ákveðins frests, sem nú er liðinn, en fá svör hafa borist frá þingmönnum. Af svörunum má ráða að vilji er hjá stjórnarandstöðuflokkum að taka málið upp og frá einum þingmanna stjórnarflokkanna barst svar um að taka málið til umræðu með fjármálaáætluninni.

Þingmenn, þið getið með lagabreytingu afnumið „krónu á móti krónu“ skerðingar. Þetta þarf að gera strax og með afturvirkum hætti. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar geta ekki beðið lengur eftir að losna úr þessari fátæktargildru.





**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

B|L

# Einkavæðing að næturþeli



**Steingrímur J. Sigfússon**
þingmaður VG

**Þjóðin er búin að fá sig fullsadda af hátterni þeirra, hefur lært af reynslunni og sér ekkert grand í áframhaldandi einkavæðingu. En, þá eru samt til ráð. Bara að þegja algerlega um slíkt fyrir kosningar, jafnvel tala fjálglega um nauðsyn þess að fjárfesta í innviðum samfélagsins og aukinni velferð fyrir kosningar, en sæta svo lagi í skjóli valdanna eftir kosningar.**

Íhaldið er samt við sig. Einkavæðingunni skal nuddað áfram þrátt fyrir almenna andstöðu við slíkt brölt í ljósi biturrar reynslu Íslendinga.

Einkavæðing er í senn trúarbrögð, lím og tilgangur hægri manna í pólitík. Brautin er gjarnan rudd með því að tala af vægast sagt takmarkaðri virðingu um það sem er leyst og rekið á félagslegum forsendum. Án þess að þurfa að færa fyrir því nokkur rök er talað eins og allt hjá hinu opinbera sé óhagkvæmara, verr rekið og meiru sóað þar en í starfsemi einkaaðila.

Næsta verkefni þeirra sem ganga erinda einkagróðans í stjórnmálum er að þrengja að opinberum rekstri. Rekstrarerfiðleikar eru búnir til, til dæmis í heilbrigðisstofnunum og skólum og þegar þessar stofnanir lenda langsveltar í erfiðleikum með að veita þá þjónustu sem þeim ber er stungið upp á einkavæðingu. Þá losnar um kranana. Þá er ekkert vandamál þótt stóraukið almannafé renni um pípurnar út í einkaframkvæmd, einkarekstur og hreina einkavæðingu.

Dæmin um þetta eru ótalmörg og einkenna pólitíska vegferð Sjálfstæðisflokksins síðustu áratugi, frá því að nýfrjálshyggjan náði þar völdum og rændi flesta forustumenn flokksins síðustu leifunum af almennri skynsemi.

**Gegn um smurðar íhaldspípur**

Tökum dæmi; Háskólinn á Akureyri og stofnanir sem hann var í samstarfi við höfðu lengi sótt á um að byggt yrði yfir margþætta opinbera starfsemi á vegum háskólans og aðila sem voru í samstarfi og hagkvæmu nábýli við hann. Hvorki gekk né rak. Engir peningar voru í boði. En, þegar hugmyndir um einkaframkvæmd komu upp á borðið opnuðust kranarnir. Þá var ekkert vandamál að fallast á byggingu Borga, enda myndu menn greiða einkaaðilunum leigu sem tryggðu þeim ríkulega ávöxtun sinna fjármuna. Hitt var aukaatriði þó himinhá leiga myndi íþyngja rekstri viðkomandi um ókomin ár, sem hún hefur svo sannarlega gert. Það er í lagi að fleyta skatttekjum ríkisins, almannafé, gegn um smurðar íhaldspípurnar ef það endar í höndum réttra aðila að þeirra mati.

Þannig eru landamærin smátt og smátt færð innar, nær kjarna velferðarkerfisins, sem byggt var upp á Norðurlöndunum á síðustu öld á félagslegum grunni. Fjármagnið brýtur undir sig fleiri og fleiri geira í þjóðfélaginu og vill nú um stundir helst af öllu komast á beit þar sem hið opinbera er skuldbundið, lagalega og siðferðilega, til að borga reikninginn. Og, pilsfaldakapítalisminn er ær og kýr hins hugmyndasnauða, íslenska íhalds. Hvergi er notalegra að vinna að trúboðinu um hinn vonda ríkisrekstur, yfirburði einkaframtaksins og kosti einkavæðingar, eins stórkostlega og sumt af því hefur nú reynst okkur Íslendingum – eða hitt þó heldur – en í öruggu skjóli sem opinber starfsmaður, t.d. inntroðsluprófessor í Háskóla Íslands eða kjörinn fulltrúi í meintri almannaþjónustu.

Það er aðeins eitt smávægilegt vandamál sem þvælist fyrir fótgönguliðum einkagróðasjónarmiðanna á Íslandi um þessar mundir. Þjóðin er búin að fá sig fullsadda af hátterni þeirra, hefur lært af reynslunni og sér ekkert grand í áframhaldandi einkavæðingu. En, þá eru samt til ráð. Bara að þegja algerlega um slíkt fyrir kosningar, jafnvel tala fjálglega um nauðsyn þess að fjárfesta í innviðum samfélagsins og aukinni velferð fyrir kosningar, en sæta svo lagi í skjóli valdanna eftir kosningar. Jafnvel þó taka verði ákvarðanirnar að næturlagi og bak luktum dyrum, er alltaf hægt að vera í útlöndum þegar þar um fréttist.




AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

ŠKODA

**Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.**

bílson
-VERKSTÆÐIÐ-
Klettháls 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is


# Öflugir og traustir lífeyrissjóðir



**Guðrún Hafsteinsdóttir**
stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Undanfarið hafa ítrekað birst í opinberri umræðu rangar fullyrðingar um lífeyrissjóði landsmanna. Virðist sem tilganginn sé að vekja sem mesta tortryggni í garð sjóðanna og lífeyriskerfisins.

Fullyrt er að lífeyrissjóðir haldi uppi vöruverði í landinu með hlutafjáreign sinni í smásöluverslun. Ekki hefur fylgt sögunni hvernig þetta geti gerst, en fullyrðingin látin duga. Það eina sem rétt er í þessu er að lífeyrissjóðir eiga vissulega hluti í verslunarfyrirtækjum. Almennt reyna lífeyrissjóðir að hafa jákvæð áhrif á þau félög sem þeir fjárfesta í með áherslum á góða stjórnarhætti, en þeir koma ekki að daglegri stjórnun fyrirtækjanna eða ákvörðunum um verð á vörum eða þjónustu.

Allt frá stofnun sjóðanna hafa þeir boðið sjóðfélögum sínum lán til íbúðakaupa. Þau lán hafa jafnan verið hagkvæm í samanburði við aðra lánakosti. Að auki hafa lífeyrissjóðirnir líka fjármagnað íbúðakaup landsmanna með því að kaupa skuldabréf af Íbúðalánasjóði, áður Húsnæðisstofnun ríkisins, og af bönkum. Þetta eru umsvif sjóðanna á íbúðamarkaði. Einhverjir hafa fundið það vott um að lífeyrissjóðir eigi hluti í leigufélögum sem hafa keypt allmargar íbúðir undanfarin misseri til að leigja út. Ekki hefur komið fram hvaða lífeyrissjóðir það séu né hve mikið fé þeir hafi lagt í þau verkefni. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er ekki þar á meðal.

**Bættur hagur sjóðfélaganna**

Haustið 2015 bauð Lífeyrissjóður verzlunarmanna bætt lánskjör á sjóðfélagalánum. Það varð umsvifalaust til þess að útlán til sjóðfélaga jukust mikið. Á árinu 2016 námu þau um 32 milljörðum króna. Stór hluti lánanna hefur verið tekinn til að endurfjármagna eldri og dýrari lán. Þannig hafa þau stórlega bætt hag sjóðfélaganna.

Lífeyrissjóðirnir fá enn í dag ákúrur fyrir að halda uppi verðtryggingu. Staðreyndin er að lífeyrissjóðirnir starfa í því efnahagsumhverfi sem hér á landi ríkir, hvort sem þar er verðtrygging eða ekki. Flestir sjóðirnir bjóða bæði verðtryggð og óverðtryggð sjóðfélagalán. Ríkisskuldabréf sem sjóðirnir kaupa eru ýmist. Í heildina lætur nærri að um helmingur eigna lífeyrissjóðanna sé í verðtryggðum bréfum. Hins vegar eru allar skuldbindingar lífeyrissjóðanna verðtryggðar: Allur lífeyrir sem sjóðirnir greiða og eiga eftir að greiða er bundinn vísitölu neysluverðs. Lífeyrir sem greiddur er út breytist því frá mánuði til mánaðar í samræmi við þróun vísitölunnar.

**Lífeyrissjóðirnir fá enn í dag ákúrur fyrir að halda uppi verðtryggingu. Staðreyndin er að lífeyrissjóðirnir starfa í því efnahagsumhverfi sem hér á landi ríkir, hvort sem þar er verðtrygging eða ekki.**

Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir, flestir um og upp úr miðri 20. öld, var það gert með samningum á vinnumarkaði milli vinnuveitenda og launþega. Síðar, upp úr miðjum sjöunda áratugnum var gert allsherjarsamkomulag á vinnumarkaðnum um lífeyriskerfi það sem nú er við lýði. Þeir samningar tóku gildi árið 1969 og nokkrum árum seinna samþykkti Alþingi lög um lífeyrissjóði sem voru byggð á þessum kjarasamningum. Lögin og samningarnir voru endurskoðuð og aukin 1997 og á þeim byggist það lífeyriskerfi sem við höfum nú. Þegar menn kvarta undan að verkalýðshreyfingin hafi ekki næg ítök í lífeyriskerfinu mættu þeir rifja upp að það var í rauninni verkalýðshreyfingin í samvinnu við vinnuveitendur sem bjó til lífeyriskerfið og þá lífeyrissjóði sem nú tryggja okkur ævilangan lífeyri eftir að starfsævinni lýkur.

Þessir frumkvöðlar, á vinnumarkaðnum og á Alþingi, höfðu næga framsýni til að búa svo um hnútana að hvorki stjórnmálamenn né aðrir skyldu eiga greiðan aðgang að þessum sjóðum almennings, þess vegna er svo afdráttarlaust í kjarasamningum og lögum að hlutverk sjóðanna sé það eitt að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau og greiða út lífeyri. Þess vegna eru sjóðirnir öflugir og mynda saman eitt besta lífeyriskerfi sem þekkist og viðurkennt er m.a. af Efnahags og framfarastofnuninni, OECD.

# Umræða um fiskeldi



**Soffía Karen Magnúsdóttir**
fagsviðsstjóri fiskeldis hjá Matvælastofnun

Fiskeldi er orðin mikilvæg atvinnugrein og ef áætlanir ganga eftir mun hún vaxa enn frekar á komandi árum. Að mörgu er að hyggja og því mikilvægt að byggja upp málefnalega umræðu um fiskeldi þar sem ólík sjónarmið koma fram. Um leið er nauðsynlegt að skynsemi og fyrirhyggja ráði för í áætluðum vexti greinarinnar.

**Sleppingar laxfiska**

Helsta deilumálið vegna fiskeldis eru sleppingar laxfiska úr sjókvíum. Til að vernda villta stofna er óheimilt að ala laxfiska í sjókvíum á Vesturlandi og nánast öllu Norðurlandi. Af öðrum svæðum er raunhæfur möguleiki að stunda eldi á Vestfjörðum og Austfjörðum, þar sem sjókvíaeldi er í dag, auk Eyjafjarðar. Til að draga úr líkum á sleppingum er verið að innleiða auknar kröfur um búnað og skal hann standast kröfur staðals sem notast er við í Noregi og hefur dregið þar úr fjölda fiska sem sleppa úr kvíum. Þá skal sýna fram á að búnaðurinn standist kröfur og þarf rekstraraðili skírteini frá faggiltri skoðunarstofu, sem staðfestir að búnaðurinn sé öruggur og standist m.a. strauma og ölduhæð á eldissvæðinu. Eldri búnaður er á útleið, en í kvíum sem ekki standast nýjar kröfur er alinn regnbogasilungur. Sleppingar síðustu mánaða má rekja til slíkra kvía, sem verður skipt út fyrir vottaðan búnað. Slysasleppingar geta þó átt sér stað, en þær þarf að fyrirbyggja eftir bestu getu og bregðast við á viðeigandi hátt ef slys verða.

**Staða fisksjúkdóma**

Sjúkdómastaða í fiskeldi á Íslandi er ein sú besta í heiminum og engin sýklalyf eru notuð í sjókvíaeldi hér, andstætt fullyrðingum um annað. Þá er tíðræddur misskilningur um að í fiskeldi á Íslandi ríki lúsafár, sem villtum laxastofnum stafi hætta af. Staðreyndin er sú að laxalús hefur aldrei valdið vandræðum í íslensku sjókvíaeldi. Ástæðan er lágur sjávarhiti yfir vetrartímann, en laxalús berst með villtum fiski í kvíar að vori og þar nær hún að fjölga sér lítillega fram á haust. Með vetri lækkar sjávarhiti og lúsin hverfur úr kvíunum. Þegar laxaseiði ganga til sjávar að vori er því lítið eða ekkert um lús í eldiskvíum. Í vetur var sjávarhiti þó heldur hærri en vanalega, sem er laxalús hagstætt. Það sýnir mikilvægi þess að vaka yfir breyttum aðstæðum, en „lúsafár“ hefur verið óþekkt í íslensku eldi.

**Geldfiskur**

Lax sem notaður er í sjókvíaeldi er af eldisstofni sem kemur frá Noregi og hefur verið ræktaður hér síðan 1984. Hann er ekki erfðabreyttur en hefur verið kynbættur eins og raunin er með eldisdýr. Rætt hefur verið um geldfisk og hvort hann sé raunhæfur kostur í eldi. Fisk má gelda með breytingum á erfðamengi eða með því að setja hrogn undir mikinn þrýsting. Fiskur úr þeim hrognum verður ófrjór og getur ekki blandast við villta laxastofna. Gallinn við geldan lax er að hann þarf sérhæft og dýrt fóður til að bein þroskist eðlilega, afföll aukast og vanskköpunartíðni getur verið há. Auk þess er hætt við að viðbrögð markaða við vörunni verði neikvæð. Ræktun á geldfiski gaf þó nýlega góða raun í köldum sjó í Noregi, sem gaf tilefni til tilraunar með geldfisk við strendur Íslands. Verður hún framkvæmd af Stofnfiski, Háskólanum á Hólum, Landssambandi fiskeldisstöðva, Hafrannsóknastofnun og Arctic Sea Farm. Tíminn leiðir því í ljós hvort þetta sé raunhæfur möguleiki í fiskeldi hér.

**Málaflokkurinn var færður frá Fiskistofu til Matvælastofnunar árið 2015, en frá þeim tíma hefur stofnunin aðeins gefið út eitt rekstrarleyfi til sjókvíaeldis.**

**Leyfisveitingar**

Ferlið við leyfisveitingar er umfangsmikið og getur tekið nokkur ár. Tilkynna þarf fyrirhugaða eldisstarfsemi til Skipulagsstofnunar sem leggur mat á hvort framkvæmdin þurfi í umhverfismat. Burðarþolsmat þarf jafnframt að liggja fyrir, en það er mat á staðbundnum áhrifum eldis og hversu mikið magn er óhætt að ala á viðkomandi svæði. Síðan þarf starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Starfleyfi snýr að mengandi þáttum en rekstrarleyfi að kröfum um búnað og verklag.

Leiðrétta verður fullyrðingar um að Matvælastofnun hafi gefið út fjölda rekstrarleyfa á skömmum tíma. Málaflokkurinn var færður frá Fiskistofu til Matvælastofnunar árið 2015, en frá þeim tíma hefur stofnunin aðeins gefið út eitt rekstrarleyfi til sjókvíaeldis. Það var til stækkunar á eldi í Arnarfirði, sem þegar var hafið. Einnig hafa komið fram kröfur um að hægt verði á leyfisveitingum, en löggjöf setur skilyrði um afgreiðslutíma umsókna. Að gefnu tilefni skal einnig áréttað að dýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun kemur ekki að veitingu rekstrarleyfa, þar sem störf hans einskorðast við fisksjúkdóma.




Verð frá:
2.990.000 kr.

## Hyundai i30 er hinn nýi fólksbíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður.
Hægt er að velja úr úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km.
Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólksbíl sem kostar aðeins frá 2.990.000 kr.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

5 YEAR UNLIMITED MILEAGE WARRANTY

Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

ENNEMM / SÍA / NM81178 *Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Fram átti fyrsta höggið í úrslitaeinvíginu



**Komnar yfir** Fram er komið í 1-0 í úrslitaeinvíginu gegn Stjörnunni eftir eins marks sigur, 24-25, í fyrsta leik liðanna í TM-höllinni í Garðabæ í gær. Fram var yfir lengst af en Stjarnan átti gott áhlaup undir lokin. Framstúlkur héldu þó út. Ragnheiður Júlíusdóttir, sem sést á myndinni hér að ofan, skoraði átta mörk fyrir Fram. Guðrún Ósk Maríasdóttir átti sömuleiðis frábæran leik í marki Fram og varði yfir 20 skot. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ætla sér að berjast um titlana

**Landsliðsmaðurinn Bjarki Már Gunnarsson mun leika með Stjörnunni í Olís-deild karla næstu tvö árin. Ákvörðunin var tekin í samráði við Geir Sveinsson. Stjörnumenn stefna hátt og ætla að berjast um titla.**

**HANDBOLTI** „Það eru spennandi hlutir í gangi hérna í Garðabænum. Þetta er flottur klúbbur og ég þekki marga í þessu liði,“ sagði landsliðsmaðurinn Bjarki Már Gunnarsson eftir blaðamannafund á Mathúsi Garðabæjar þar sem hann var kynntur sem nýr leikmaður Stjörnunnar. Bjarki skrifaði undir tveggja ára samning við félagið.

Varnarmaðurinn öflugi hefur undanfarin fjögur ár leikið með Aue í þýsku B-deildinni en ákvað að snúa heim eftir að tímabilinu í Þýskalandi lýkur. Að hans sögn voru þau tilboð sem hann fékk erlendis ekki nógu spennandi.

„Það var ýmislegt sem bauðst en ekkert á því „leveli“ að ég myndi vilja vera áfram úti. Ég tel að það sé rétt skref að koma heim og vera á fullu hérna,“ sagði Bjarki sem hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu undanfarin ár og spilaði t.a.m. einkar vel á HM í Frakklandi í janúar. En er hann svekktur að fá ekki tækifæri með betra félagsliði?

„Jú, auðvitað stefnir maður hátt. En það er ekkert útilokað. Ég tek tvö ár hérna hjá Stjörnunni og svo sjáum við hvað gerist,“ sagði Bjarki sem hefur ekki gefið atvinnumennskuna upp á bátinn.

„Auðvitað ekki. Ég á ekki eftir að gera það fyrr en ég verð fimmtugur,“ sagði Bjarki og hló.

Hann segir að ákvörðunin að koma heim og spila með Stjörnunni hafi verið tekin í samráði við landsliðsþjálfarann Geir Sveinsson.

„Ef ég stend mig vel með landsliðinu býst ég við að vera þar áfram,“ sagði Bjarki sem ætlar að hjálpa Stjörnunni að berjast um titla.

„Stefna ekki allir á Íslandsmeistaratitil? Ég stefni allavega alltaf hátt og ætla að gera allt sem ég get til að hjálpa liðinu. Það er ekkert skemmtilegra en að vinna titil og maður gleymir því ekkert,“ sagði Bjarki sem varð Íslandsmeistari með HK 2012.

> **Við ætlum okkur ofar og okkar markmið er að berjast um bikara.**
>
> Einar Jónsson, þjálfari Stjörnunnar

### Ætla að berjast um titla

Um leið og Bjarki var kynntur til leiks í gær var greint frá því að Einar Jónsson hefði framlengt samning sinn við Stjörnuna um eitt ár.

Stjörnumenn ollu miklum vonbrigðum í vetur og björguðu sér frá falli í lokaumferðinni. Einar segir að Stjarnan stefni hátt og vilji berjast um titla. Þess vegna hafi Bjarki verið fenginn í Garðabæinn.

„Við erum að láta vita að við ætlum okkur stærri hluti heldur en í vetur. Við sýnum það með svona ráðningu,“ sagði Einar. „Við ætlum okkur ofar og okkar markmið er að berjast um bikara. En það er langur vegur í það og við þurfum að vinna okkar vinnu vel.“

Einar segir að Stjarnan hafi ekki sagt sitt síðasta á leikmannamarkaðinum.

„Við ætlum að reyna að styrkja okkur aðeins meira, það er ljóst. En það er allt á viðræðustigi og lítið hægt að segja um það,“ sagði Einar. En eru þessir leikmenn sem Stjarnan er með í sigtinu í svipuðum gæðaflokki og Bjarki Már?

„Það er kannski erfitt að fá alveg svona heimsklassa leikmenn eins og staðan er í dag. En þetta eru klárlega leikmenn sem koma til með að styrkja okkur,“ sagði Einar sem hefur stýrt Stjörnunni frá 2015. **ingvithor@365.is**


**Norræna húsinu**
Sturlugötu 5
101 Reykjavík

**Miðvikudaginn**
**10. maí**
**kl. 20:00**

Aðgangseyrir: 500 kr.

**FYRIRLESTUR Á ENSKU**
CHRISTOPHER VASEY

**MÁTTUR HUGSANA**
SAMKVÆMT GRALSBOÐSKAPNUM
Lesinn útdráttur úr Gralsboðskapnum á íslensku

**Norræna húsinu**
Sturlugötu 5
101 Reykjavík

**Fimmtudaginn**
**11. maí**
**kl. 20:00**

Aðgangur ókeypis

**GRALSBOÐSKAPURINN**
ERINDI OG UMRÆÐUR Á ENSKU

KYNNING Á ANDLEGA RITINU
**"Í LJÓSI SANNLEIKANS, GRALSBOÐSKAPURINN"**
OG HÖFUNDI ÞESS, ABD-RU-SHIN

Skipuleggjandi: Stofnunin Stiftung Gralsbotschaft
www.gralsbodskapur.org • info@gralsbodskapur.org
Sími: 842 2552


## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**FH - KA 2-2**
0-1 Hallgrímur Mar Steingrímsson (22.), 1-1 Steven Lennon (36.), 2-1 Kristján Flóki Finnbogason (59.), 2-2 Ásgeir Sigurgeirsson (90+4.).

**Fjölnir - Breiðablik 1-0**
1-0 Hans Viktor Guðmundsson (62.).

**Víkingur - Breiðablik 1-2**
1-0 Geoffrey Castillion (24.), 1-1 Alexander Veigar Þórarinsson (66.), 1-2 Andri Rúnar Bjarnason (90+2.).

**ÍA - Valur 2-4**
0-1 Sigurður Egill Lárusson, víti (21.), 0-2 Guðjón Pétur Lýðsson (34.), 1-2 Þórður Þorsteinn Þórðarson (39.), 1-3 Haukur Páll Sigurðsson (58.), 2-3 Robert Menzel (75.), 2-4 Nikolaj Hansen (90.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 2 | 2 | 0 | 0 | 6-2 | 6 |
| Stjarnan | 2 | 1 | 1 | 0 | 7-2 | 4 |
| FH | 2 | 1 | 1 | 0 | 6-4 | 4 |
| KA | 2 | 1 | 1 | 0 | 5-3 | 4 |
| Grindavík | 2 | 1 | 1 | 0 | 4-3 | 4 |
| Fjölnir | 2 | 1 | 1 | 0 | 1-0 | 4 |
| KR | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-3 | 3 |
| Víkingur R. | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-3 | 3 |
| ÍBV | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-5 | 1 |
| Breiðablik | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-4 | 0 |
| Víkingur Ó. | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-4 | 0 |
| ÍA | 2 | 0 | 0 | 2 | 4-8 | 0 |

**Olís-deild kvenna, lokaúrslit**

**Stjarnan - Fram 24-25**
**Stjarnan:** Helena Rut Örvarsdóttir 8, Hanna G. Stefánsdóttir 6/5, Sólveig Lára Kjærnested 3, Elena Elísabet Birgisdóttir 2, Rakel Dögg Bragadóttir 2, Brynhildur Kjartansdóttir 1, Nataly Sæunn Valencia 1, Stefanía Theodórsdóttir 1.
**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 8/1, Hildur Þorgeirsdóttir 5, Steinunn Björnsdóttir 5, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Rebekka Rut Skúladóttir 2, Elva Þóra Arnardóttir 2.

*Staðan er 1-0 fyrir Fram.*

### EINUM SIGRI FRÁ TITLINUM

Chelsea er einum sigri frá sjötta Englandsmeistaratitlinum í sögu félagsins eftir öruggan 3-0 sigur á Middlesbrough í Brúnni í gærkvöldi. Chelsea er sjö stigum á undan Tottenham þegar bæði lið eiga þrjá leiki eftir. Boro er hins vegar fallið eftir eins árs veru í ensku úrvalsdeildinni.

### KJARTAN Á SKOTSKÓNUM

Kjartan Henry Finnbogason var á skotskónum þegar Horsens vann 2-1 sigur á Randers í Íslendingaslag í dönsku úrvalsdeildinni í fótbolta í gær. Marvin Pourie kom Randers yfir mínútu fyrir hálfleik en Kjartan Henry jafnaði metin á 61. mínútu. Þetta var áttunda mark hans á tímabilinu. Elfar Freyr Helgason lék fyrstu 62 mínúturnar í vörn Horsens sem fer í umspil um að halda sæti sínu í deildinni.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Juventus - Monaco | Sport |
| 20.45 | Meistaramörkin | Sport |
| 18.00 | ÍBV - Stjarnan | Hásteinsv. |
| 19.15 | Haukar - FH | Ásvellir |

# Fólk

## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 9. MAÍ 2017



Anna Sigríður Snorradóttir er stödd í miðjum Eurovision-draumi íslenska sönghópsins og vonar að gjörvöll Evrópa falli fyrir flutningi Svölu á Paper í Kænugarði í kvöld. Hér er hún stödd í blaðamannahöll söngvakeppninnar ytra. MYND/BENEDIKT BÓAS



**Hópur frá Ási styrktarfélagi ætlar að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í sumar undir nafninu „Bíddu eftir mér“. Þau fá ráðgjöf frá Kára Steini Karlssyni hlaupara.**

heilsa →4




# Vopnuð gleði og þakklæti

Í kvöld stígur söngkonan og kennarinn Anna Sigríður Snorradóttir á svið í Kænugarði og syngur bakraddir í Paper með Svölu Björgvins. Undanúrslitin leggjast vel í Önnu Siggu. →2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



**Framhald af forsíðu ➭**

Lögin í ár eru mörg grípandi og bæði tilhlökkunarefni og heiður að deila sviði með jafn hæfileikaríku fólki. Svala er fagmaður fram í fingurgóma og það er mikil nánd og góður andi í hópnum. Þessi keppni er oft óútreiknanleg en ég hef fulla trú á íslenska framlaginu. Svala er engri lík og ég er afar stolt af að vera hluti af hópnum hennar.“ Mikið annríki og fögnuður ríkir í Kænugarði en Anna Sigga segir ekki þörf á að vera partíljón til að standa vaktina.

„Það væri samt erfiðara að vera heimakær, kvöldsvæf eða félagsfælin í þessum aðstæðum. Dagskráin er mjög þétt en skemmtileg og hver viðburður tækifæri til að öðlast faglega reynslu, skemmtilegar minningar og jafnvel eignast nýja vini,“ segir Anna Sigga sem upplifir Eurovision sem risastóra tónlistarhátíð þar sem margir listamenn koma fram.

„Fagmennskan er í hverju horni og gaman að fá innsýn í undirbúninginn, umfangið og þá miklu vinnu sem fer fram að tjaldabaki. Hér er mikið álag á aðalsöngvurunum og margir leggja ómælda vinnu í að kynna sig og framlag sitt daga, vikur og jafnvel mánuði fyrir keppni, ásamt því að leggja sig fram um að vera landi sínu og þjóð til sóma.“

Hún segir Kænugarð vera hrífandi, gróna og gullfallega borg, fulla af skemmtilega sýnilegum andstæðum.

„Hér mætist gamalt og nýtt – Austur-Evrópa og Vesturlönd. Gestgjafarnir í ár láta sig öryggi keppenda varða og vilja greinilega að fólk upplifi Kænugarð sem örugga borg. Hún er verulega stór og dreifð og gaman að skoða mismunandi hluta og læra um viðburðaríka sögu hennar. Úkraínumenn bjóða upp á frábæran mat og fyrirtaks þjónustu, og fólkið er vinalegt og hjálpsamt þótt mörgum reynist það erfitt þar sem enska er fremur óalgeng hér.“

## Nemendurnir hvetjandi

Anna Sigga var sex ára þegar söngferillinn hófst. Þá tók hún þátt í söngleiknum Salti söngbók en sá fágæti söngleikur hefur verið endurútgefinn á geisladisk.

„Síðan hef ég sungið víða með kórum og hópum en einnig sem einsöngvari í brúðkaupum og jarðarförum. Ég tók tvisvar þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna, árin 2001 og 2002, hef verið bakrödd hjá Kaleo og Glowie og tekið þátt í mörgum tónleikum, eins og Jólatónleikum Fíladelfíu og Jólagestum Björgvins,“ segir Anna Sigga en það var einmitt á Jólagestum Björgvins sem Svala heillaðist af atriði Reykjavík Gospel Company, þar sem Anna Sigga söng undir stjórn Óskars Einarssonar.

„Ég hef alltaf verið Eurovision-aðdáandi þótt ég geti ekki þulið upp sigurvegara eða topp 10 ákveðinna ára. Þetta er stærsta útsending tónlistarviðburðar í heimi og ég hef mjög gaman af keppninni. Ég vil endilega njóta hennar með öðrum í Eurovision-partíi, svo lengi sem ég næ að hlusta á lögin. Íslensku kynnarnir eru líka alltaf svo þrusufyndnir og orðheppnir að keppnin verður enn skemmtilegri fyrir vikið.“

Anna Sigga er kennari í Austurbæjarskóla og segir nemendur hafa sýnt mikinn áhuga og stuðning vegna ferðar hennar utan.

„Börnin sýndu þessu mikinn skilning og mörg eru dugleg að senda mér hvatningu á SnapChat. Þriggja vikna aðskilnaður er langur tími, svo ég tali nú ekki um í lok skólaárs, en þau eru samviskusamir vinnuþjarkar og í góðum, hæfum höndum. Ég hef því engar áhyggjur af þessum elskum.“

## Á kyrrðarstundir í sána

Eurovision er spennuþrunginn viðburður sem tekur á tilfinningaskalann og líkamlegt atgervi en Anna Sigga segist vel undirbúin.

„Það er oft heilmikið álag í söngnum, að ég tali nú ekki um að fara í Eurovision sem einn af fulltrúum lands og þjóðar. Ég reyni alltaf að vera vopnuð þakklæti og gleði fyrir hvern þátt í ferlinu, sérstaklega þegar togstreita á milli söngs, atvinnu og fjölskyldu veldur of miklu álagi. Það heldur huganum skýrum, fótunum á jörðinni og hjartanu á réttum stað.“

Til að undirbúa líkama og sál tók Anna Sigga mataræðið í gegn með hjálp vinkonu sinnar og söngsystur, Hrannar Sveinsdóttur í Crossfit Reykjavík.

„Orkan, léttleikinn, sjálfsaginn og líðanin sem ég uppskar af því er stórkostleg og gerði mig klára fyrir þessa mjög svo skemmtilegu törn. Þá kíki ég reglulega til Jóns Arnars á Kíró-praktorstofu Íslands. Ég hugsa mikið um heilsuna og les mér mikið til en er ekki alltaf jafn dugleg að framkvæma. Ég tek lýsi, omega 3, vítamín og AB-gerla og reyni að koma inn hreyfingu og teygjum þótt dagskráin sé stundum fáránlega þétt. Ég er ferlegur vökustaur og gleymi oft að drekka nóg vatn en það eru bara sóknarfæri í minni vegferð. Ég nota síðan teygjur, nuddrúllu og nuddbolta mikið fyrir þreytta vöðva.“



Íslenski Eurovision-hópurinn sem fór utan til Úkraínu. Anna Sigga er lengst til vinstri. MYND/DAVÍÐ LÚTHER

Til að hvíla sig á áreitinu í Eurovision hefur bakraddahópurinn verið duglegur að taka söngæfingar inni á hótelherbergi og daglegar WOD-æfingar.

„Mér finnst gott að fá næði og vera ein með sjálfri mér en það gefst lítill tími til þess hér. Ég hef þó skellt mér nokkrum sinnum í sána og átt þar kyrrðarstund,“ segir Anna Sigga.

## Snappar frá Kænugarði

Anna Sigga kveðst ekki verða tapsár ef Ísland fer ekki áfram í kvöld.

„Alls ekki. Öll þessi reynsla er ávinningur fyrir mig, hvernig sem fer. Mér finnst Svala þó eiga fullt erindi í úrslitin og þætti að sjálfsögðu svekkjandi ef Evrópa væri ekki sammála mér.“

En verður hún fegin því að koma heim eða reiknar hún með fráhvarfseinkennum eftir keppnina í Kænugarði?

„Ég lifi mjög innihaldsríku lífi með eiginmanni og börnum svo það verður alltaf gott að komast í raunheima. Ég mun þó án efa lifa svolítið á minningunum um þetta svakalega skemmtilega ferðalag sem Söngvakeppnin heima og Eurovision hafa verið. Það verður ef til vill skrýtnast að minnka viðveruna á SnapChat en ég hef verið þar undir songvannasigga og snappað frá ferðinni. Það eru allir velkomnir að kíkja með mér í ferðalagið þar inn á og njóta þess sem eftir er af því.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



UPPLIFÐU FRELSIÐ!

UPPLIFÐU FRELSIÐ Á YAMAHA MÓTORHJÓLI
Yamaha mótorhjólin eru þekkt fyrir gæði og einstaka hönnun. Við eigum örugglega rétta hjólið fyrir þig!



TRACER 700



TRACER 900



XT1200Z SUPER TÉNÉRÉ



YZF-R1M



WR450R



XSR700

YAMAHA
Klettháls 3 |110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

# Kólesterólið lækkaði og ég gat minnkað lyfin um helming

## Organic Beetroot frá Natures Aid er lífræn þurrkuð rauðrófa í hylkjum. Rauðrófan telst til ofurfæðis en hún er mjög rík af andoxunarefnum. Hún er talin auka blóðflæðið og getur þannig stuðlað að betri líðan og heilsu.



Rauðrófur þykja mjög hollar. Ekki líkar þó öllum bragðið af þeim. Þá er gott að geta gripið til rauðrófuhylkjanna frá Beetroot.

Hollusta rauðrófunnar hefur lengi verið þekkt. Hún er mjög rík af andoxunarefnum og hafa rannsóknir á rauðrófu sýnt að hún er æðavíkkandi. Aukið blóðflæði hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans, það lækkar blóðþrýsting, eykur snerpu, orku og úthald,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### Gott gegn hand- og fótkulda

Lífrænu rauðrófuhylkin frá Natures Aid eru 100% náttúrulegt bætiefni og góð fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. „Það er mikill hægðarauki fyrir marga að geta tekið inn rauðrófuhylki því ekki eru allir jafn hrifnir af bragðinu af rauðrófunni eða rauðrófusafanum. Viðtökur Íslendinga við Organic Beetroot frá Natures Aid hafa verið ótrúlega góðar og flestir kaupa þessa vöru aftur og aftur vegna þeirra áhrifa sem þeir finna. Margir tala um að hand- og fótkuldi minnki til muna og að úthald við íþróttaiðkun aukist. Það er einnig algengt að blóðþrýstingur lækki,“ segir Hrönn. Hún segir því mælt með rauðrófuhylkjunum fyrir:

- þá sem þjást af hand- og fótkulda
- allt íþróttafólk sem vill ná betri árangri, auka orku, úthald og snerpu
- alla þá sem eru að glíma við blóðþrýstingsvandamál, of hátt kólesteról, hjarta-, æða- og taugasjúkdóma, ristilvandamál o.fl.
- þá sem vilja bæta kynlífið en þar skiptir gott blóðflæði miklu

### Minnkaði lyfin við sykursýki II um helming

Jóhannes S. Ólafsson, útgerðarmaður og skipstjóri frá Akranesi, fékk hjartaáfall árið 2007. Hann hefur þessa skemmtilegu sögu að segja um reynslu sína af rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid: „Í kjölfar hjartaáfallsins greindist ég með sykursýki II og fékk lyf við henni. Samhliða rauk kólesterólið hjá mér upp úr öllu valdi. Í maí 2015 sagði kunningi minn mér frá Beetroot-rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid sem hann var að taka, en ástæða þess að sá fór að taka inn rauðrófuhylkin var góð reynsla vinar hans sem hefur verið að glíma við sykursýki II. Þess vegna benti hann mér á að skoða þau og prófa.

Ég hef tekið rauðrófuhylkin inn daglega síðan í maí 2015. Ég tek eitt á morgnana og eitt á kvöldin. Ég fann strax að þetta gerði mér gott enda kom í ljós eftir læknisheimsókn síðar um haustið að kólesterólið hafði snarlækkað og einnig var ég látinn minnka sykursýkislyfin um allt að helming. Ég er mjög ánægður með rauðrófuhylkin frá Natures Aid og mæli heilshugar með þeim. Við hjónin tökum þau daglega, við finnum mikinn mun og okkur finnst þau gera okkur mjög gott.“




Viðtökurnar við Beetroot hafa verið mjög góðar.



„Ég fann strax að þetta gerði mér gott enda kom í ljós eftir læknisheimsókn síðar um haustið að kólesterólið hafði snarlækkað og einnig var ég látinn minnka sykursýkislyfin um allt að helming.“

> **„Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólið hjá mér upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum.**

**Regluleg inntaka getur haft fjölmarga kosti í för með sér en hún getur stuðlað að:**

- auknu blóðflæði
- lækkun blóðþrýstings
- bættri súrefnisupptöku
- jafnari blóðsykri
- auknu úthaldi, þreki og orku.
- betri heilastarfsemi og betra minni
- eflingu ónæmiskerfisins
- heilbrigðu hjarta- og æðakerfi

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana.


# NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Matthildur Rósenkranz Guðmundsdóttir (Lóló), einkaþjálfari hjá World Class: „Ég nota bæði hita- og kæligelið og mæli með þeim báðum við alla mína viðskiptavini sem eru að glíma við vöðvabólgu, stífa vöðva, slæmar harðsperrur og þráláta verki eins og vefja- og liðagigt, sinabólgur, tennisolnboga og frosna öxl.“




## Árangursrík hita- og kælimeðferð

Sore No More er náttúrulegt hita- og kæligel sem er verkjastillandi og bólgueyðandi. Það er öflug meðferð við tímabundnum vöðvaeymslum, bólgum, harðsperrum og þreytu í vöðvum. Það inniheldur einstaka blöndu af virkum plöntukjörnum í gelformi, án alkóhóls og kemískra íblöndunar- og geymsluefna.







**Sölustaðir:** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

# Koma öll saman í mark

**Hópur frá Ási styrktarfélagi ætlar að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst undir nafninu „Bíddu eftir mér“. Hlauparinn Kári Steinn Karlsson hitti hópinn á dögunum og fór yfir það sem þarf að hafa í huga við þjálfunina. Hann segir reglulega hreyfingu mikilvægasta.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Við erum skráð sem hópur undir nafninu Bíddu eftir mér enda er hugmyndin að fara af stað saman og koma saman í mark,“ segir Guðrún Eyjólfsdóttir þroskaþjálfi en hún og Einar Hermann Einarsson leiðbeinandi ætla að fylgja hópnum sem samanstendur af fjórum hressum einstaklingum. Það eru þeir Sigfús S. Svanbergsson, Ari Viðar Hróbjartsson, Atli Már Indriðason og Helgi Guðjónsson.

Sigfús er langreyndasti hlauparinn af þeim fjórum enda hefur hann tekið þátt í Reykjavíkurmaraþoninu síðan 1989 og síðustu ár hefur hann hlaupið fyrir hönd Áss styrktarfélags. Hann segist enda æfa reglulega, ganga og hlaupa mjög mikið og fara margra sinna ferða gangandi.

„Þetta er í fyrsta sinn sem sérstakur hópur hleypur undir nafni Áss styrktarfélags,“ segir Guðrún og Einar bætir við að í raun megi upphafið að verkefninu rekja til áhuga Sigfúsar. „Hann hefur verið að kalla eftir þessu í nokkurn tíma. Síðan var ákveðið að taka þetta inn í val í Vinnu og virkni hjá styrktarfélaginu.“

Hópurinn ætlar að fara tíu kílómetra og því ekki úr vegi að byrja að æfa. „Þetta er í annað sinn sem við hittumst en við munum æfa saman einu sinni í viku sem hópur fram að hlaupi. Strákarnir æfa auk þess hver fyrir sig heima,“ segir Guðrún. Til þess að undirbúninginn gengi sem best var ákveðið að fá hlaupasérfræðinginn Kára Stein til að gefa hlaupurunum nokkur góð ráð.

„Ég fer yfir grunninn í hlaupaþjálfun en mitt helsta ráð er regluleg hreyfing. Hún skiptir mestu. Það skiptir ekki endilega mestu hvað maður gerir heldur að gera það oft og reglulega og helst eitthvað á hverjum degi, þó ekki sé nema 20 mínútna ganga,“ segir Kári Steinn.

Eins og áður sagði hleypur hópurinn undir merkjum Áss styrktarfélags og því hægt að heita á hlauparana á www.hlaupastyrkur.is. En verður ágóðinn notaður í eitthvað sérstakt? „Líklega verður hann notaður til að byggja áfram upp aðstöðu til heilsuræktar í Bjarkarási og Lækjarási í Stjörnugrófinni en við munum nýta okkur aðstöðuna þar við æfingar. Til dæmis endum við hverja æfingu á ferð í heita pottinn,“ segir Guðrún glaðlega.

Ætlunin er að halda hópinn allt hlaupið og ganga og hlaupa eftir því sem þarf. „Þá er fólki auðvitað frjálst að slást í hópinn með okkur allan tímann eða hluta af leiðinni.“


Kári Steinn með hópnum sem tekur þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst undir merkjum Áss styrktarfélags. MYND/GVA

### Ás styrktarfélag

Ás styrktarfélag hefur frá upphafi frá stonfun þess 1958, verið brautryðjandi í þjónustu við fólk með þroskahömlun. Ás styrktarfélag er sjálfseignarstofnun og hefur í gegnum árin komið á fót umfangsmiklum rekstri. Í dag veitir Ás styrktarfélag hátt á þriðja hundrað manns þjónustu í formi búsetu, dagþjónustu, vinnu og virkni. Sjá nánar um félagið á heimasíðu þess: **www.styrktarfelag.is**

Fyrirtæki & húsfélög
sláttur, garðhreinsun, sópun ofl.
Þegar kemur að garðþjónustu erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin hvort sem það er fyrir fyrirtæki, húsfélög, einkaaðila eða sveitarfélög. **Sláttur, garðhreinsun, klipping, sópun á plönum, stéttahreinsun ofl.**
gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík
GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
Hafðu samband
info@husavidgerdir.is
Sími 565-7070
Finndu okkur á Facebook

# Tex-Mex með Eurovision

Mörgum finnst mexíkóskir réttir verða föstudagsmatur. Aðrir segja að pitsa sé hinn eini sanni föstudagsmatur. Það skiptir hins vegar engu máli hvaða dagur er til að borða eitthvað gott. Orðið Tex-Mex varð fyrst frægt árið 1973 en það voru Mexíkóar sem bjuggu í Texas sem eiga heiðurinn af því. Texas var hluti af Mexíkó í meira en 200 ár, frá 1600-1836. Mexíkóar búa víða í Bandaríkjunum og nú eru Kalifornía, Arizona og Nýja-Mexíkó líka hluti af því sem er kallað Tex-Mex. Margir vinsælir réttir eins og chili con carne, nachos og taco eru oft taldir týpískir Mexíkó-réttir en þeir eru í raun Tex-Mex. Sömu sögu er að segja um burritos og fajitas.

Eurovision-dagur er auðvitað kjörinn til að útbúa eitthvað sem allri fjölskyldunni líkar. Best er að gera matinn að mestu frá grunni, þá er hann hollur og góður.


Nachos er alltaf vinsæll réttur hjá flestum aldurshópum.

## Nachos

Það tekur ekki svo langan tíma að útbúa nachos en flestum finnst þessi réttur mjög góður. Það má nota hvort sem er nautahakk eða kjúklingastrimla í réttinn. Einnig má sleppa kjöti og hafa meira grænmeti í staðinn. Uppskriftin er miðuð við tvo en auðvelt er að stækka hana.

**300 g nautahakk**
**½ laukur**
**½ chili-pipar, rauður**
**1 pk. taco-krydd**
**1 poki tortilla-nasl, 200 g**
**½ dós niðursoðnar, brúnar baunir**
**1 krukka salsa**
**½ blaðlaukur, smátt skorinn**
**1 dl rifinn ostur**
**Sýrður rjómi**
**Guacamole (lárperumauk)**

Steikið hakk, smátt skorinn lauk og chili-pipar á heitri pönnu. Bætið við taco-kryddinu og smá vatni eins og getið er um á umbúðum. Síðan eru baunirnar settar út í. Látið sjóða smá stund.
Setjið tortilla-naslið í eldfast mót og setjið kjötblönduna yfir. Loks er salsasósa sett yfir, blaðlaukur og rifinn ostur. Setjið í 225°C heitan ofn og bakið þar til osturinn er bráðnaður.
Með þessu er gott að hafa auka salsasósu, lárperumauk og sýrðan rjóma.

## Heimagert guacamole

Það er miklu betra að gera guacamole frá grunni en að kaupa það tilbúið. Notið vel þroskaðar lárperur. Þetta mauk passar líka vel með grillréttum eða laxi.

**2 lárperur**
**Límónusafi**
**1½ tómatur**
**1 hvítlauksrif, pressað**
**½ rauður chili-pipar, fræhreinsaður og mjög smátt skorinn**
**2 msk. ferskt kóríander, smátt skorið**
**Salt og pipar**

Kljúfið lárperuna í tvennt. Takið steininn varlega úr með því að setja hnífinn í hann og snúa smávegis. Þá ætti hann að losna. Maukið lárperuna með gaffli og kreistið límónusafa yfir. Skerið tómatana mjög smátt og fræhreinsið þá. Setjið bitana saman við lárperumaukið ásamt pressuðum hvítlauk og chili. Bragðbætið með salti og pipar. Geymið í ísskáp þar til maturinn er tilbúinn.

## Heimagert salsa

Þetta er mjög gott meðlæti með nachos.

**2 tómatar**
**½ agúrka**
**½ gul paprika**
**¼ ferskur ananas**
**4 msk. ferskt basil**
**Safi úr hálfri límónu**
**2 msk. ólífuolía**
**Salt og pipar**

Skerið tómatana smátt og fræhreinsið þá. Skrælið agúrkuna, kljúfið hana í tvennt og takið kjarnann úr með teskeið. Skerið gúrkuna og paprikuna smátt og sömuleiðis ananasinn. Límónusafa og olíu er blandað saman við og loks basil. Bragðbætið með salti og pipar.

# Graníthöllin er flutt í Mörkina 4

## Opnunartilboð - 30% afsláttur af öllum legsteinum, aukahlutum og allri okkar þjónustu.









NR. 1002 GS




NR. 118 PAR




NR. 129-3 SHANXI BLACK

FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

### VIÐHALD & ÞRIF LEGSTEINA

30% AFSLÁTTUR AF ALLRI VINNU OG ENDURMÁLUN

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM? GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




MÖRKIN 4,
REYKJAVÍK

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**ALVÖRU TILBOÐ !**
BMW 320 i steptronc M-tecnic árg 2006 ek 146 þ.km , fæst á frábæru verði aðeins 990 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi


BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



M.BENZ C 200 cdi. Árgerð 2013, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Leður. Verð 4.590.000. Rnr.288713.



TOYOTA Rav4 gx. Árgerð 2016, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.090.000. Rnr.311885.



M.BENZ E 220 Bluetec Diesel. Árgerð 2015, Ekinn 21 Þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur. Leður. Verð 6.490.000. Rnr.288563.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

BÍLAMARKAÐURINN



8 MANNA CHEVROLET Suburban lt suv flex-fuel. Árgerð 2016, ekinn 56 Þ.KM, sjálfskiptur leður ofl. . Verð 10.900.000. verð 7,500,000,krtil ferðaþjónustu. Rnr.234001. BILAMARKADURINN.IS 5671800 bílinn er á staðnum komdu og prufaðu.



DODGE Ram 3500 Long Horn LTD. Árgerð 2016, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur EIN MEÐ ÖLLU. Verð 7.720.000. Rnr.224039. BILAMARKADURINN.IS 5671800 BILLINN Á ER Á STAÐNUM.



TOYOTA Land Cruiser 200.vx Árgerð 2012, ekinn 99 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 35" breyttur. leður ,topluga. ofl.. Verð 13.880.000. Rnr.224125. BILAMARKADURINN.IS 5671800 Billinn á staðnum

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
TOYOTA RAV4. Árgerð 2006, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.380.000. Rnr.136020.



**100% LÁN**
KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.280.000. Rnr.162478.



**100% LÁN**
SUZUKI Grand Vitara LUX. Árgerð 2005, ekinn 193 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 890.000. Rnr.136085.


STÓRA BÍLASALAN




**100% LÁN**
CHEVROLET Lacetti. Árgerð 2011, ekinn 115 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ 790.000 staðgreitt. Rnr.159184.



**100% LÁN**
CHEVROLET Aveo. Árgerð 2006, ekinn 137 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 490.000. Rnr.159279.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT



# Einföld kæling fyrir sumarið

viftur.is
-andaðu léttar



**Sumarstilling**: Kaldur gustur, kælir og býr til vindkælingu.
**Vetrarstilling**: Jafnar hitastig og dreifir varma um rýmið.

# Loftviftur

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

## Bílar til sölu



Toyota Prius Hybrid 2009. Sjálfsk. S. 6162597



WV Póló árg 02 ek 112 þús skoðaður 18 1,4 beinskiftur ný tímareim góð dekk verð 295 þúsund 8927852

## Kerrur

**KERRA ÓSKAST.**
Óska eftir notaðri en vel með farinni kerru, sem ætluð yrði til heimlisnota. Uppl. í s. 892 2416

## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700




**HEIMAVÍK**
Nýju sjóbleikjunetin komin, meira flot, dýpri net, meiri veiði. Heimavík Sporhamrar 3, S. 892 8655 www.heimavik.is

## Bátar




## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir piparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Garðvinna, sláttur klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Jón og Marteinn S. 861 1242

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd

Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - HÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu 206 fm húsnæði á jarðhæð við Auðbrekku. Hentar fyrir ýmiskonar létta starfssemi, s.s. lager, vinnustofur og fl. Innkeyrsludyr.
**Nánari uppl. í s. 897 9743**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**DISHWASHER AND KITCHEN HELP**
Dishwasher and kitchen assistant needed in a restaurant in Laugavegur. Full time job.

Please send email to steinigumm@gmail.com with information about you and experience or tel: 859 3609

**SUMARSTARF**
Starfsfólk óskast í matvælavinnslu í Mosfellsbæ.
**Frekari uppl. í s. 897 3236 eða á: raggi@nonnilitli.is**

Óska eftir mönnum vönum utanhúss málningu. Upp. s 8963982

**VERKAMENN ÓSKAST.**
Starfsmenn óskast til vinnu hjá Steingarði ehf við lagningu ljósleiðara í Hafnarfirði í sumar og haust. Uppl. í s. 892 18 82

## Fundir

**BÚSETI™**
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

### Aðalfundur Búseta hsf.

**Verður haldinn 23. maí. 2017.**
**Á Grand Hótel Reykjavík kl. 17:00**

Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum.

## Tilkynningar




Bæjarstjórn Kópavogs fundar að Hábraut 2, fyrstu hæð, gegnt Gerðarsafni.

Fundir eru annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar og hefjast kl. 16.00.

**Kópavogsbær** kopavogur.is

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Lindargata 10**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. apríl 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 27. apríl 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóðarinnar nr. 10 við Lindargötu. Í breytingunni felst að Lindargata 10 verði gert upp og fært sem næst í upprunalegt horf, ný viðbygging verði byggð milli Lindargötu 10 og Lindargötu 12 og að nýtt lítið hús verði byggt upp að brunagafli Smiðjustígs 12. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Sléttuvegur**
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. apríl 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 27. apríl 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sléttuvegar, hús Hrafnistu. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum, fjölga hjúkrunarheimilisrýmum ásamt breytingu á bílastæðafjölda og bílakjöllurum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 9. maí 2017 til og með 20. júní 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 20. júní 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 9. maí 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

## Fasteignir

**Opið hús | miðvikudaginn 10 maí kl. 17:30 - 18:00**




**Kambasel 29** — **109 Reykjavík**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Íbúð | 3-4herbergi | 128 fm | Sér bílskúr |
| 43.900.000 | Skemmtileg íbúð á 2. hæð | | |
| | fastborg@fastborg.is | | 519 5500 |

## Atvinna

ROSEN BERG

### STARFSFÓLK ÓSKAST!

Rosenberg Klappastíg er að ganga í endurnýjun lífdaga og vegna aukinna umsvifa vantar okkur að bæta við skemmtilegu og duglegu fólki, þjónum og kokkum, í teymið.

**Okkur vantar:**

- **Vaktstjóra í sal**
- **Vaktstjóra í eldhús**
- **Vana þjóna í vaktavinnu**
- **Kaffibarþjóna í vaktavinnu**
- **Kokkteilbarþjóna**
- **Vínþjóna**
- **Uppvaskara og aðstoð í eldhús**

Endilega sendið okkur ferilsskrá á rosenbergreykjavik@gmail.com.
Einingis duglegt og metnaðarfullt fólk kemur til greina.




### ATVINNA

**SLÁTTU- OG GARÐAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS EHF**

**Sláttu- og garðaþjónusta Suðurlands ehf** sem er að hefja 25. starfsárið óskar eftir laghentum manni til reksturs fyrirtækisins í sumar. Unnið er á Selfossi og nágrenni.

- Góð trygging og árangurstengd laun
- Gott tækifæri fyrir duglegan mann
- Vélaréttindi kostur
- Möguleg eignaraðild á fyrirtækinu til lengri tíma

**Allar frekari upplýsingar veitir :**
Jónas Guðmundsson s: 824-0892
slattuthjonusta@gmail.com

## Fasteignir

**LIND** FASTEIGNASALA / **510 7900** — Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**OPIÐ HÚS** › 9. maí 17:00 – 17:30



**Stórholt 17**
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 121 fm
FJÖLDI HERBERGJA: 5

*AUKAÍBÚÐ*
Falleg og mikið endurnýjuð íbúð ásamt aukaíbúð í kjallara. Um er að ræða íbúð á 1.hæð og í kjallara í fjórbýlishúsi. Húsið er nýlega endursteinað að utan, gler og gluggar nýlegt. Lagnir og dren endurnýjað.

64.700.000 kr.



*Heyrumst*
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› **892 9966**
› **stefan@fastlind.is**



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› **699 5008**
› **hannes@fastlind.is**

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**




**LIND** Fasteignasala kynnir:

# ›Einstakt og uppgert 350 fm. einbýlishús í hlíðunum

Mjög vandað og vel uppgert einbýlishús með fallegum afgirtum garði ásamt stórum bílskúr.

Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð tæki, fallegar hurðir og loftlistar.

Sjö herbergja hús, þrjú baðherbergi.

**STÆRÐ: 350 FM** EINBÝLI HERB: 7 105 RVK

› Allar nánari upplýsingar veitir:



**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
**699 5008**
**hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur

*Uppspretta ánægjulegra viðskipta*




# Sérfræðingar í ráðningum

FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is





LIND Fasteignasala kynnir:

# Klapparstíg 29

## *Einstök fasteign til leigu í sögufrægu húsi*



Útlit vestur (framhlið).



Útlit austur (bakhlið).

## Frábær staðsetning!

Mikil uppbygging á svæðinu.

Húsnæðið er 237,9 fm.
á jarðhæð, mjög fallegir gluggar og fallegur arkitektúr.

Hægt að hafa skipulag eftir eigin höfði, mikið af léttum veggjum.

Húsnæðið er laust til afhendingar strax.

Grunnmynd 1.hæð og kjallari.



1.hæð

kjallari

Allar nánari upplýsingar veitir:




Hannes Steindórsson
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur


Uppspretta ánægjulegra viðskipta



✝

Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Helga St. Haraldsdóttir**

Kotabyggð 13, Akureyri,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, fimmtudaginn 4. maí.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 12. maí kl. 13.30.

**Kjartan Kolbeinsson**
**Stefanía Kjartansdóttir** **Björn Róbert Jensson**
**Kjartan Marinó Kjartansson** **Anna Soffía Ásgeirsdóttir**
**Ninna Þórey, Haraldur Marinó og Andri Marinó**



✝

Okkar ástkæri

**Þórir Þórarinsson**

bifreiðarstjóri,
Laugavegi 76, Reykjavík,

sem lést þann 29. apríl verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 11. maí kl. 13.00.

**Sigrún Svansdóttir**
**Þórey Svana Þórisdóttir** **Pétur Smári Tafjord**
**Guðrún Þórisdóttir** **Halldór Guðmundsson**
**Viljar Þór Halldórsson** **Þóra Þórarinsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þórarinn Bjarnason**

Stekkjarhvammi 46,
Hafnarfirði,

varð bráðkvaddur 27. apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 17. maí kl. 13.

**Kristín Karólína Stefánsdóttir**
**Bjarni Þórarinsson**
**Ragnhildur Þórarinsdóttir Sigurður Þorsteinn Guðjónsson**
**Guðbjörg Þórarinsdóttir Bjarni Antonsson**
**og barnabörn.**



✝

Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur, fósturfaðir og afi,

**Árni Gíslason**

sem lést 29. apríl sl. verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 12. maí kl. 13.00.

**Gísli Guðmundsson** **Margrét Árnadóttir**
**Guðmundur Kr. Gíslason** **Svanhildur Steingrímsdóttir**
**Soffía M. Gísladóttir** **Ragnar Magnússon**
**Andri Örn, Aníta Björg og Amalía Tía**





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


# Oftast í leit að lífsgæðum

**Tengsl Pólverja á Íslandi og við heimalandið er efni hádegisfyrirlestrar sem Anna Wojtynska heldur í Þjóðminjasafninu í dag. Hún segir Pólverja á Íslandi í mörgum hópum.**

Þótt Pólverjar séu stærsti hópur innflytjenda á Íslandi þá skiptast þeir dálítið í hópa eftir stétt og stöðu. Margir sækjast eftir því að fá þjónustu á pólsku ef það er hægt, fara í Pólsku búðina að versla og til pólsks hárgreiðslufólks þegar þeir þurfa klippingu. Flestir halda góðu sambandi við ættlandið og fylgjast með fréttum þaðan.“ Þetta segir Anna Wojtynska sem flytur erindi í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í hádeginu í dag. Það byggir hún á mannfræðirannsókn um margháttuð og þverþjóðleg tengsl Pólverja á Íslandi. Erindið hefst klukkan 12.

„Pólverjar koma yfirleitt til Íslands í leit að lífsgæðum en með það í huga að vinna hér tímabundið. Margir hafa þó ílengst og framlengt dvölina. Samt eru þeir oft í störfum sem ekki samrýmast þeirra menntun, einkum konurnar sem flestar vinna við þjónustustörf, hreingerningar og framleiðslu. Karlmennirnir hafa yfirleitt farið í einhvers konar byggingarvinnu.“ Pólverjar eru kringum 11 þúsund á Íslandi núna, að sögn Önnu, þeir eru nærri 40% erlendra íbúa landsins og fjögur prósent heildaríbúafjölda á Íslandi.

Fyrirlesturinn er sjöundi í röð hádegisfyrirlestra Þjóðminjasafnsins og er skipulagður í tengslum við sýninguna Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi. Hann fer fram á ensku. **gun@frettabladid.is**



**Anna hefur gert mannfræðirannsókn á lífi Pólverja á Íslandi.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, og langafi,

**Kári Jónsson**

Hraunbæ 102, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 4. maí á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Þökkum fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.

**Guðbjörg Ágústsdóttir**
**Ágúst Kárason** **Halla Þóra Másdóttir**
**Gunnlaugur Þ. Kárason** **Inga Jóna Gunnþórsdóttir**
**Ægir Már Kárason** **Rut Baldursdóttir**
**Helgi Kárason** **Helga S. Úlfarsdóttir**
**Rúnar Kárason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir, amma, langamma, systir, mágkona, vinkona og gleðigjafi,

**Jóhanna Sigríður Pálsdóttir**

(litla stúlkan í apótekinu)

lést á heimili sínu þann 23. apríl 2017.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ólafur Ingi**
**Ragnhildur Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Óliver Blær Ólafsson**
**Ágústa Líf**
**vinir og vandamenn.**


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




✝

Bróðir okkar,

**Sigurjón Ingvar Guðjónsson**

Fögrubrekku,
Vopnafirði,

lést 23. apríl á legudeild Sundabúðar.
Útförin fór fram í kyrrþey.

**Birgitta, Guðjón, Gunnlaug, Rannveig og fjölskyldur.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erna Elínbjörg Árnadóttir**

Bogatúni 10, Hellu,

lést þriðjudaginn 2. maí á Landspítalanum við Hringbraut.
Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju 11. maí kl. 14.00.

**Þór Rúnar Þorsteinsson**
**Lára Hildur Þórsdóttir** **Skúli Guðmundsson**
**Vilborg Þórsdóttir**
**Þóra Guðrún Þórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórður Ásgeirsson**

Lyngholti 12, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 12. maí klukkan 13.00.

**Jóhanna Pálsdóttir**
**Sólveig Þórðardóttir** **Guðmundur R.J. Guðmundsson**
**Jóna Þórðardóttir** **Ólafur Árni Halldórsson**
**Páll Þórðarson** **Sigríður Hanna Sigurðardóttir**
**Ásgeir Þórðarson** **Unnur Guðmundsdóttir**
**Þórhanna Þórðardóttir** **Logi H. Halldórsson**
**Lilja Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# SAMSUNG

# Svalasta sjónvarpið á svölu verði

LÆKKUN! með hækkandi sól




Ekta UHD 4K

55" KR. 119.900,-

KU6175

Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 55" eða 124cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

LÆKKUN! með hækkandi sól




40" KR. 89.900,-

K6375

FullHD • LED • 1920X1080 • 800 PQI
• Nýtt Smart viðmót • Með gervihnattamóttakara

LÆKKUN! með hækkandi sól




49" KR. 94.900,-

K5515

FullHD • LED • 1920X1080 • 400 PQI
• Nýtt Smart viðmót • Einnig til í svörtu

LÆKKUN! með hækkandi sól




49" KR. 119.900,-

KU6475

UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót
• Quad-Core örgjörfi • **55" kr. 154.900,-**

LÆKKUN! með hækkandi sól




49" KR. 119.900,-

KU6655

UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi • **55" kr. 159.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Vestan gola eða kaldi og skýjað að mestu, en bjart syðst á landinu með hita allt að 17 stigum. Sums staðar dálítil væta um kvöldið og gengur í allhvassa norðaustanátt á Vestfjörðum.




## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7° | ← 13 |
| Ísafjörður | 1° | ↙ 21 |
| Akureyri | 5° | ← 14 |
| Egilsstaðir | 4° | ← 13 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | ← 13 |
| Hveravellir | 3° | ← 13 |

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7° | ← 9 |
| Ísafjörður | -2° | ↙ 13 |
| Akureyri | 2° | ← 10 |
| Egilsstaðir | 2° | ← 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | ← 14 |
| Hveravellir | -0° | ↙ 13 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 7 | 6 | | 2 | | 4 | |
| 6 | | | | | 5 | | 2 | |
| 9 | 5 | | | 4 | 8 | | | 1 |
| | 2 | | | 6 | | 1 | 9 | |
| | 4 | | | 5 | | 2 | | 8 |
| 3 | | | | | 7 | 5 | | |
| | | | 1 | | 4 | 7 | | |
| | | 9 | | 8 | | | | |
| 8 | 1 | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 6 | 2 | | | 7 | | |
| 5 | 7 | 8 | | | | 1 | | |
| 9 | 1 | | | | | 8 | | 4 |
| | 6 | | | | | 2 | | |
| | 5 | | 8 | | | | 6 | 3 |
| | | 3 | 4 | 5 | 6 | | | 8 |
| | 8 | | 6 | 4 | 5 | | 9 | |
| | | | 1 | 8 | 9 | | 4 | |
| | | | | 3 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | | | 6 |
| | | 5 | | | | 4 | | 9 |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 2 | | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | | | | 8 | | | 3 |
| | | | 7 | | | | 5 | |
| 1 | 3 | 4 | | | 2 | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| 6 | 7 | 2 | | 5 | 9 | 3 | | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 5 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 |
| 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 8 | 3 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 1 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni
6. í röð
8. klæðalaus
9. fugl
11. tveir eins
12. miklu
14. þrætur
16. tímaeining
17. af
18. uppistaða
20. persónufornafn
21. uppspretta

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. í röð
4. ávaxtatré
5. dýrahljóð
7. andstaða
10. svörður
13. rangl
15. rótartaug
16. fiskur
19. ónefndur



**LÁRÉTT:** 2. sápu, 6. lm, 8. ber, 9. lóm, 11. rr, 12. stóru, 14. þrátt, 16. ár, 17. frá, 18. lón, 20. ég, 21. lind.
**LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. áb, 4. perutré, 5. urr, 7. mótþrói, 10. mór, 13. ráf, 15. tága, 16. áll, 19. nn.

## Skák Gunnar Björnsson

Jorden van Foreest (2.584) átti leik gegn Johan-Sebastian Christiansen (2.429) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.

**Hvítur á leik**

**36. Hxc6! Hxc6** (36. ... Hxg7 37. Hxb6 og svartur er varnarlaus). **37. De7+ Kc7.** Framhald skákarinnar sjáum við á morgun. Íslandsmótið í skák hefst á morgun í Hafnarfirði. Í dag verður dregið um töfluröð. **www.skak.is:** Keppendur Íslandsmótsins



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









KS TOOLS

Verðlækkun

# Verkfærasett

Frábært verð **17.800**

**179 stk.**



**www.stilling.is/KS9170779/**

Stilling
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# MENNING



Kaffipokar gegna þýðingarmiklu hlutverki á sýningu Aðalsteins.



Spilda, eitt verkanna á sýningunni.



Munir er meðal verka á Einkasafni Aðalsteins.

# Það er bara skemmtilegra á Íslandi en úti

**Umbúðir, notuð föt og fleira sem fallið hefur til í daglegu lífi listamannsins Aðalsteins Þórssonar um árin verður honum að yrkisefni eins og sýningin Einkasafnið í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi, vitnar um.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Sýningin byggist upp á hlutum úr eigin neyslu sem venjulega er hent, því sem gengur af,“ segir Aðalsteinn Þórsson, myndlistarmaður á Akureyri, um sýninguna Einkasafnið sem hann opnaði í Ketilhúsinu síðasta laugardag. Síðan lýsir hann því stuttlega sem þar ber fyrir augu. „Mesta áherslan er á klæðnað en þar eru líka sýnishorn af hinu og þessu, notaðir kaffipokar, umbúðir – staflar af umbúðum. Ég reyni að hafa þetta snyrtilegt og merki hvenær verkið er innsiglað.“



Aðalsteinn fluttur aftur í Eyjafjörðinn.

> **ÉG HEF EKKI FARIÐ ÚT Í AÐ SAFNA MATARLEIFUM Í KRINGUM MIG HÉR Í KETILHÚSINU. ÞEIM GÆTI FYLGT LYKT OG LÍF!**

Sýningin Einkasafnið er stöðutaka í maí 2017 en um langtímaverkefni er að ræða sem staðið hefur yfir frá 2002, að sögn Aðalsteins. Hann kveðst líka vera með ljósmyndir af ýmsu sem hann hefur búið til í sama anda og nefnir kaffipokafjall úti í náttúrunni. „Ég safnaði pokum og bjó til það sem ég kallaði píramída en var náttúrlega haugur. Það tengist allt hugmyndinni um að kíkja á hvað gerist þegar eitthvað verður afgangs. Þetta safn stækkar jafnt og þétt en frekar rólega. En lífræni hlutinn er fyrst og fremst á ljósmyndum. Ég hef ekki farið út í að safna matarleifum í kringum mig hér í Ketilhúsinu. Þeim gæti fylgt lykt og líf!“

Aðalsteinn er þekktur fyrir fjölbreytni í efnisnotkun og vinnubrögðum. Hann lærði við Myndlistaskólann á Akureyri og síðar í Hollandi þar sem hann útskrifaðist með Master of Arts gráðu frá Dutch Art Institute 1998. Hann hefur starfað sem myndlistarmaður í Hollandi í nítján ár, lengst af í Rotterdam og þar urðu flest listaverkin til.

En í fyrravor flutti hann heim í Eyjafjörðinn, hvað kom til? „Það er bara skemmtilegra á Íslandi en úti. Stundum er gaman að kunna málið og hafa sama sans fyrir tilverunni og aðrir í sama umhverfi,“ svarar hann glaðlega. Þegar haft er orð á að hann hafi varðveitt vel norðlenska framburðinn og ætti að geta fallið inn í bæjarbraginn þess vegna segir hann: „Já, maður gerir það nú alltaf að einhverju leyti en sem listamaður líka svolítið á skjön.“

Sýningin Einkasafnið stendur til sunnudagsins 28. maí og verður opin þriðjudaga til sunnudaga frá klukkan 12 til 17. Aðgangur er ókeypis. **gun@frettabladid.is**



EUROVISION

# ALLT FYRIR EUROVISION



LAY´S
ALLAR TEGUNDIR
249 KR. PK.
175g



PEPSI
PEPSI MAX
699 KR. PK.
4x 2L

## EÐLAN
1 pakki rjómaostur
1 krukka Doritos-sósa
Rifinn ostur
Rjómaostur settur í eldfast mót, Doritos-sósu hellt yfir og rifnum osti stráð yfir. Bakað við 180 gráður þar til ostur er orðinn gullinbrúnn



DORITOS
ALLAR TEGUNDIR
169 KR. PK.
170g



MAXI POPP
149 KR. PK.
70g



BRITVIC
TONIC, GINGER BEER, GINGER ALE, BITTER LEMON OG CRANBERRY JUICE
129 KR. STK.
200ml



7 UP
249 KR. STK.
2 L



50%
AFSLÁTTUR Í NAMMILANDI
ÞRIÐJUDAGINN 9. MAÍ

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Coca-Cola BÍÓ
á þriðjudögum í Laugarásbíó
750 kr.
á allar myndir, allan daginn!
FRÍ ÁFYLLING Á GOSI Í HLÉI
Ath! Gildir ekki á íslenskar myndir
LAUGARÁS BÍÓ
SÝND KL. 5.45, 8, 10.20
SÝND KL. 6, 9
SÝND KL. 10.25
SÝND KL. 8
SÝND KL. 5.50

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KEYPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
PEPSIBÍÓ - 50% AF MIÐANUM
Chris Pratt, Dave Bautista, Vin Diesel, Bradley Cooper, Kurt Russell

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5 - 6 - 8 - 10:50 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 6 - 9 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| UNFORGETTABLE | KL. 8 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 9 - 10:10 |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5 - 7:40 - 10:30 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 6 - 9 |
| UNFORGETTABLE | KL. 10:10 |
| STUBBUR STJÓRI ÍSL TAL | KL. 5:30 |
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 7:40 - 10:30 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5 |

KEYPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 7 - 10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| GOING IN STYLE | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is EÐA MEÐ SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| ÉG MAN ÞIG | KL. 5:40 - 8 - 10:15 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 10:10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 |

Góða skemmtun í bíó

# Hvað? Hvenær? Hvar?

Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is



**Það verður stuð í Bíói Paradís í kvöld þegar sýnt verður frá fyrri undankeppninni í Eurovision.** MYND/ANDRES PUTTING

## 9. MAÍ

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Pólverjar á Íslandi
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Anna Wojtynska flytur erindi um Pólverja á Ísland en Pólverjar eru stærsti hópur innflytjenda á Íslandi, nærri 40% erlendra íbúa landsins og fjögur prósent heildaríbúafjölda á Íslandi. Fyrirlesturinn byggir á mannfræðirannsókn um Pólverja á Íslandi og gerð verður grein fyrir margháttuðum þverþjóðlegum tengslum þeirra. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

**Hvað?** Samskipti og heilabilun
**Hvenær?** 16.15
**Hvar?** Alzheimersamtökin, Hátúni 10
Á síðasta fræðslufundi vorsins mun Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi og fræðslustjóri Alzheimersamtakanna, fjalla um samskipti og heilabilun. Hvernig þau breytast eftir því sem líður á sjúkdóminn og hvað aðstandendur geta gert til að koma til móts við hinn veika. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Áskoranir og nýbreytni í skólastarfi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Viðreisn, Ármúla 42
Hvernig framtíðarsýn viljum við? Gestir Viðreisnar á næsta þriðjudagsfundi verða Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Gísli Rúnar Guðmundsson, skólastjóri Grunnskólans NÚ í Hafnarfirði. Fundurinn er skipulagður af málefnahópi Viðreisnar um mennta- og menningarmál. Fundarstjóri er María Kristín Gylfadóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís).

### Uppákomur

**Hvað?** Omnom gefur súkkulaðipopp
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Hólmaslóð 4
Omnom ætlar að búa til og gefa súkkulaðipopp öllum þeim sem ætla að gleðjast og horfa á Svölu keppa í kvöld. Súkkulaðipoppið er í fimm litríkum bragðtegundum og mega allir sækja sér eitt box. Omnom-teymið verður með opið frá kl. 11.00 og 18.00 og gefur popp á meðan birgðir endast.

**Hvað?** Eurovision, fyrri undankeppnin!
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Komdu með okkur í partí og horfðu á fyrri undankeppni Eurovision í sal 1 í bestu gæðum í kvöld. Partýið hefst kl. 18.30 með EURO-drykkjum á barnum og svo hefst útsendingin stundvíslega klukkan 19.00.

### Námskeið

**Hvað?** Lærðu að stjórna streitunni
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Jógasetrið, Skipholti 50c
Staldraðu við og gefðu þér tíma til að slaka á líkama og huga og takast á við streitu með kundalini-jóga en kundalini-jóga er áhrifaríkt jóga sem hjálpar þér að efla og viðhalda líkamlegri og andlegri heilsu, það róar hugann og eykur meðvitund. Þátttakendur fá fræðslu um áhrif streitu á líkama og huga. Kennt verður kundalini-jóga með hugleiðslu og öndunaræfingum sem nýtist vel í daglegu lífi. Kennari er Kristín Rósa Ármannsdóttir.


**Omnom ætlar að gefa súkkulaðipopp í dag í tilefni dagsins.**

GÚMMÍBELTI
UNDIR ALLAR VÉLAR
Á LAGER
MERKÚR
Hýsi-Merkúr hf. - Lambhagavegi 6 - 113 Reykjavík
534 6050 - merkur@merkur.is - www.merkur.is

GS IMPORT
Allur borðbúnaður fyrir veitingahús
gsimport.is
892 6975

BÍÓ ★ PARADÍS Á NÝJUM STAÐ
BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Á Nýjum Stað | 17:00 |
| Spólað yfir Hafið | 18:00 |
| Moonlight | 17:30 |
| Eurovision fyrri undankeppni | 19:00 |
| Amonster calls | 20:00 |
| The Shack | 22:00 |
| Genius | 22:30 |
| Hjartasteinn | 22:00 |

THE SHACK

# Áfram Ísland!



**198**
kr. stk.

**Íslenski fáninn**
50x70 cm

Fljótlegt og gott fyrir
EUROVISION

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita




**1.098**
kr. kg

**Ali Spareribs**
Fullelduð

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita




**798**
kr. 800 g

**Bónus Buffaló Leggir**
Fulleldaðir, 800 g

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita




**498**
kr. 800 g

**Bónus Buffaló Vængir**
Fulleldaðir, 800 g




**1.598**
kr. kg

**Bónus Kjúklingasúpa**
Mexíkósk, fullelduð, 1 kg

## BÓNUS EKKERT BRUÐL




ÞRÆLGOTT
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

**MODERN FAMILY**

Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum.



**GIRLS**

Skemmtileg gamansería um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York og eiga ekki alltaf auðvelt með samskipti við hitt kynið.



**OUTSIDERS**

Önnur syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um Farrell-gengið sem er eins konar utangarðsfólk og lifir eftir eigin reglum hátt uppi í Appalachia-fjöllum.



**WINTER'S TALE**

Colin Farrell leikur innbrotsþjófinn Peter sem brýst inn í hús vel efnaðs fólks í New York og þar hittir hann fyrir hina dauðvona heimasætu, Beverly.



**THE WIRE**

Hörkuspennandi sería sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum þar sem eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.



**BARNAEFNI ALLA DAGA KL. 07:00-20:30**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Teen Titans Go
07.45 The Middle
08.10 Mike & Molly
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 First Dates
11.05 Suits
11.50 Mr Selfridge
12.35 Nágrannar
13.00 Britain's Got Talent
13.45 Britain's Got Talent
14.45 Britain's Got Talent
15.45 Britain's Got Talent
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Last Week Tonight with John Oliver
19.55 Anger Management
20.20 Modern Family
20.45 Girls
21.15 Blindspot
22.00 Outsiders
Önnur syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um Farrell-klanið, eins konar utangarðsfólk sem lifir eftir eigin reglum hátt uppi í Appalachiafjöllum langt frá mannabyggð og ákveðin dulúð hvílir yfir. Þegar ógn steðjar að heimkynnum þeirra standa þau þétt saman og svífast einskis til þess að standa vörð um þau og lífsstíl sinn.
22.50 Grey's Anatomy
23.35 Wentworth
00.25 Bones
01.10 StartUp
01.55 StartUp
02.40 StartUp
03.25 Justified
04.10 Containment
04.50 You're The Worst
05.15 Married
05.40 The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

07.00 Pepsi-deild karla 2017
08.40 Pepsi-mörkin 2017
10.05 Football League Show 2016/17
10.35 Spænsku mörkin 2016/2017
11.05 Pepsi-deild karla 2017
12.45 Chelsea - Middlesbrough
14.25 Messan
15.55 Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur 2016/2017
16.20 Bor. Mönchengladbach - Augsburg
18.00 Þýsku mörkin 2016/2017
18.30 Juventus - Monaco
20.45 Meistaradeildarmörkin
21.05 Premier League Review 2016/2017
22.00 UFC Live Events 2017
00.30 Síðustu 20

### STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Chelsea - Middlesbrough
08.40 Messan
10.15 Granada - Real Madrid
11.55 Pepsi-mörkin 2017
13.20 Bournemouth - Stoke
15.00 Burnley - WBA
16.40 Man. City - Crystal Palace
18.20 Pepsi-deild karla - Fjölnir og Breiðablik
20.00 Pepsi-mörkin 2017
21.20 Juventus - Monaco
23.10 Meistaradeildarmörkin
23.35 Þýsku mörkin 2016/2017
00.05 Premier League Review 2016/2017

### STÖÐ 3

17.30 Mike & Molly
17.50 2 Broke Girls
18.15 Anger Management
18.40 Modern Family
19.05 Fóstbræður
19.40 Mayday: Disasters
20.30 Last Man on Earth
20.55 The Americans
21.45 Salem
22.35 The Wire
23.35 Fóstbræður
00.05 Mayday: Disasters
00.55 Last Man on Earth
01.15 The Americans
02.00 Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveins
08.49 Lalli
08.55 Rasmus Klumpur og félagar
09.00 Strumparnir
09.25 Hvellur keppnisbíll
09.37 Ævintýraferðin
09.49 Gulla og grænjaxlarnir
10.00 Víkingurinn Viggó
10.11 Zigby
10.25 Stóri og Litli
10.38 Brunabílarnir
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveins
12.49 Lalli
12.55 Rasmus Klumpur og félagar
13.00 Strumparnir
13.25 Hvellur keppnisbíll
13.37 Ævintýraferðin
13.49 Gulla og grænjaxlarnir
14.00 Víkingurinn Viggó
14.11 Zigby
14.25 Stóri og Litli
14.38 Brunabílarnir
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveins
16.49 Lalli
16.55 Rasmus Klumpur og félagar
17.00 Strumparnir
17.25 Hvellur keppnisbíll
17.37 Ævintýraferðin
17.49 Gulla og grænjaxlarnir
18.00 Víkingurinn Viggó
18.11 Zigby
18.25 Stóri og Litli
18.38 Brunabílarnir



Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24

### GOLFSTÖÐIN

08.45 PGA Tour 2017
12.45 PGA Highlights 2017
13.40 Golfing World 2017
14.30 PGA Tour 2017
18.30 Golfing World 2017
19.20 PGA Tour 2017

### BÍÓSTÖÐIN

11.20 War Room
13.20 Robin Hood: Men in Tights
15.05 Cheaper by the Dozen
16.40 War Room
18.40 Robin Hood: Men in Tights
Gamanmynd um Hróa hött, verndara Skírisskógar. Ásamt sínum kátu körlum barðist hann gegn yfirgangi prinsins vonda, sem með fulltingi fógetans í Nottingham tróð almúgann niður í svaðið.
20.25 Cheaper by the Dozen
22.00 Winter's Tale
Í þessari dramatísku ástarsögu sem gerist um aldamótin 1900 leikur Colin Farrell innbrotsþjófinn Peter. Þegar hann brýst inn í hús velefnaðs fólks í New York hittir hann fyrir hina dauðvona heimasætu, Beverly. Á milli Peters og Beverly kviknar ævintýralegur neisti ástar sem á eftir að lifa út yfir gröf og dauða því Peter áttar sig á að hann býr yfir dularfullum mætti sem gerir honum kleift að sigrast á sjálfum tímanum.
00.00 Klovn Forever
01.40 Need for Speed
03.50 Winter's Tale

### RÚV

16.00 Íslendingar
17.00 Táknmálsfréttir
17.10 KrakkaRÚV
17.11 Hopp og hí Sessamí
17.34 Molang
17.40 Gullin hans Óðins
18.10 Krakkafréttir
18.20 Fréttir
18.40 Íþróttir
18.45 Veður
19.00 Eurovision 2017
21.05 Eurovision – skemmtiatriði
21.25 Unglingsskepnan
22.00 Tíufréttir
22.20 Veðurfréttir
22.25 Grafin leyndarmál
23.10 Aðferð
23.50 Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.25 Dr. Phil
09.05 Chasing Life
09.50 Jane the Virgin
10.35 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.40 Superstore
14.05 Ný sýn – Svala Björgvins
14.40 Top Chef
15.25 Difficult People
15.50 Survivor
16.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
17.15 The Late Late Show with James Corden
17.55 Dr. Phil
18.35 King of Queens
19.00 Arrested Development
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Black-ish
20.15 Jane the Virgin
21.00 Scorpion
21.45 Madam Secretary
22.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Californication
00.20 CSI Miami
01.05 Chicago Med
01.50 Quantico
02.35 Scorpion
03.20 Madam Secretary
04.05 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
04.45 The Late Late Show with James Corden
05.25 Síminn + Spotify

### ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

KRÆKTU ÞÉR Í

# Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

**Kl. 8-11**
**20%**
**AFSLÁTTUR**
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT MAÍ 2017




Morgunverð veita 20% afslátt af skoðunargjaldi og gilda frá 8-11 virka morgna. Á sama tíma býðst þér að þiggja gæðakaffibolla og frítt WIFI á meðan skoðunin fer fram.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAÐI SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Sannkölluð diskóveisla í boði Kool and the Gang

**Í gær var tilkynnt að hljómsveitin goðsagnakennda Kool and the Gang muni halda stórtónleika fyrir landsmenn í Eldborgarsal í Hörpu í sumar. Hljómsveitin á sér ansi langa sögu og aðdáendur hennar eru orðnir ófáir enda hafa meðlimir sveitarinnar stundum verið kallaðir „konungar diskótónlistar“.**


Kool & the Gang var stofnuð árið 1969 og hefur síðan þá slegið í gegn með hverjum slagaranum á fætur öðrum. NORDICPHOTOS/GETTY


Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is

Kool and the Gang þykir afburðagóð tónleikasveit og mun 14 manna band halda uppi stuðinu í Eldborgarsal. En þeir sem vilja meira eftir tónleikana geta fjárfest í sérstökum partímiðum sem gilda í eftirpartí þar sem plötusnúðurinn Daddi Disco mun þeyta skífum. Daddi er mikill aðdáandi Kool and the Gang og er hrikalega spenntur.

„Þegar maður starfar svona mikið í tónlist er sjaldan sem maður verður heltekinn af einhverjum listamanni eða hljómsveit. En það eru örfáar sveitir sem hafa heltekið mig og Kool and the Gang er alveg klárlega ein af þeim sveitum.“

Spurður út í uppáhaldslög með sveitinni nefnir hann þrjú lög; Too Hot, Get Down on It og Stepping Out.

**Ótrúleg upplifun að sjá sveitina á sviði**

„Kool and the Gang hefur alltaf verið þekkt fyrir gríðarlega skemmtilega sviðsframkomu og þetta eru listamenn alveg fram í fingurgóma. Þeir leggja sig alla fram við að búa til alveg frábæra stemningu. Ég hef séð þá spila „live“ og það er ótrúleg upplifun að sjá hvernig þeir fara höndum um þessa tónlist. Þeir eru með fjórtán manna hljómsveit þegar þeir koma hingað sem þýðir að tónleikarnir verða settir fram á ótrúlega skemmtilegan hátt.

Í þeirra risastóra lagabanka eru lög sem koma fólki alltaf í svaðalegan gír, þannig að maður sér fyrir sér að það getur enginn verið kyrr á tónleikunum. Það er alveg gríðarlega skemmtilegt að fá að taka á móti stórum hóp fólks í eftirpartí sem er búinn að fá svona upphitun. Ég hætti ekkert fyrr en allar konurnar eru komnar úr skónum og allir karlarnir eru komnir með svitarönd í skyrtuna, bæði að aftan og framan.“

Að lokum segir Daddi: „Sumar, þessi tónlist, Harpa. Þetta er blanda sem bara getur ekki klikkað!“


Hér má sjá bassaleikarann Robert Bell, gítarleikarann Amir Bayyan og söngvarann og saxófónleikarann Ronald Bell á tónleikum í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nokkur vinsæl lög Kool and the Gang

*Hljómsveitin Kool and the Gang var stofnuð á 7. áratug seinustu aldar og hefur starfað óslitið síðan og því er um sannkallaða reynslubolta að ræða. Sveitin á aragrúa af þekktum stuðlögum og þetta eru þau sem ber helst að nefna:*

**Celebration**
Þetta lag kom út árið 1980 á samnefndri plötu. Boðskapur lagsins er einfaldlega að njóta og fagna góðum tímum.

**Fresh**
Þetta lag kemur út 1985 og byggir á slangri sem var vinsælt í vinahóp hjá J.T. Taylor, fyrrverandi aðalsöngvara sveitarinnar, en þá var gjarnan talað um að það sem væri flott væri „fresh“.

**Jungle Boogie**
Þetta lag var samið á einum degi, ásamt lögunum Hollywood Singing og Funky Stuff og kom út árið 1973. Lagið varð geysivinsælt á skemmtistöðum enda afar dansvænt. Þess má geta að lagið kemur við sögu í kvikmyndinni Pulp Fiction frá árinu 1994.

**Ladies Night**
Lagið var gefið út árið 1979 og náði hratt og örugglega miklum vinsældum. Það komst í áttunda sæti á Billboard Hot 100 listann árið 1980.

**Get Down on It**
Kom út árið 1981 á platínumplötunni Something Special. Lagið sló í gegn og komst til að mynda á vinsældarlista víða, meðal annars í Bretlandi og hékk þar inni í heilar tólf vikur.

**Cherish**
Kom út árið 1985 og skaust upp á vinsældarlista víða um heim. Lagið þykir virkilega rómantískt og hefur hljómað í ansi mörgum brúðkaupsveislum síðan það leit dagsins ljós.

**ÉG HÆTTI EKKERT FYRR EN ALLAR KONURNAR ERU KOMNAR ÚR SKÓNUM OG ALLIR KARLARNIR ERU KOMNIR MEÐ SVITARÖND Í SKYRTUNA.**

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
MEÐ TUDOR
Veldu öruggt start með TUDOR
Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Mikið úrval - Traust og faglegt þjónusta
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Full búð af nýjum vörum!
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34
VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918

# KOMUM OKKUR ÚR KYRRSETU

## SITJUM Á HREYFINGU

**Það skiptir ekki bara máli að hann hreyfist, heldur hvernig hann hreyfist**

Dondola®

**WAGNER ERGOMEDIC 100-3**

VERÐ ÁÐUR 199.700 KR.

**TILBOÐ 149.700 KR.**

SPARAÐU 50.000 KR.

HNAKKAPÚÐI SELDUR SÉR

**TILBOÐ 17.100 KR.**

wagner

Einu stólarnir með 360° Dondola veltitækninni.

10 ára ábyrgð*




*5 ára ábyrgð á neti, pumpu, armpúðum og Dondola

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

## RAFMAGNSBORÐ



PRIMA
120 X 80
**56.000 kr.**
LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



PRIMA
150 X 80
**58.600 kr.**
LITIR Í BOÐI: beyki, svart, hvítt, eik, grá eik, hlynur, kirsuberja og coffe.



PRIMA
180 X 90
**67.800 kr.**
LITIR Í BOÐI: hvítt, svart og coffe.

## SKÁPAR OG HIRZLUR



SKÚFFUSKÁPUR
(4 SKÚFFUR)
**33.900 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**61.400 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**57.400 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.



PRIMA
MÖPPUSKÁPUR
**51.700 kr.**
LITIR Í BOÐI: Beyki, hlynur, kirsuber, hvítt, eik, grátt, svart og coffe.

MYNDFORM GRAFÍK

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · hirzlan.is









**Mundi mátaði nokkur gleraugu þó svo að þau gagnist honum lítið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Mundi lundi reyndist lögblindur

Anna Þóra er einn af meðlimum í grínfélaginu Lunda. Það félag á lukkudýr sem er lundi sem heitir Mundi. Nýverið fór meðlimi hópsins að gruna að Mundi væri með lélega sjón og þá bauðst Anna til að sjónmæla hann.

Anna Þóra Björnsdóttir á gleraugnaversluninni Sjáðu ásamt eiginmanni sínum, Gylfa Björnssyni. Anna tók að sér að sjónmæla lundann Munda í gær og í ljós kom að hann er lögblindur.

„Það er búið að taka sjónpróf á Munda lunda og það gekk svona svakalega vel. Hann var alveg til friðs. En í ljós kom að hann er lögblindur og þarf bara að fá hljóðbækur það sem eftir er,“ segir Anna og hlær. „Það er sem sagt ekkert hægt að gera fyrir hann. Alveg sama hvað hann fengi mikinn styrk, það myndi ekkert gera fyrir hann.“

Mundi var stilltur og prúður í sjónmælingunni og reytti af sér brandara að sögn Önnu. „Hann sagði bara nokkra brandara og svo ætlar hann að halda áfram í Græna herberginu á miðvikudaginn.“

Spurð nánar út í hvað mun eiga sér stað í Græna herberginu á miðvikudaginn segir Anna: „Við í grínfélaginu Lunda ætlum að vera með uppistand, við erum átta í þessum hóp og hver og einn verður með sitt uppistand. Við vitum ekkert hvað næsti maður ætlar að segja. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi klúbbur kemur fram en við höfum öll komið fram í hvert í sínu lagi,“ útskýrir Anna. Þess má geta að flestir í hópnum hafa sótt uppistandsnámskeið hjá Þorsteini Guðmundssyni. „Flestir hafa farið í námskeið, en ekki Mundi, hann þurfti ekkert á því að halda. Hann er bara langfyndnastur.“ Hópinn skipa þau Agnes Wild, Elva Dögg Hafberg Gunnarsdóttir, Hrafnkell Ásgeirsson, Kristín María Gunnarsdóttir, María Guðmundsdóttir, Ólöf Magnúsdóttir, Theódór Ingi Ólafsson ásamt Önnu Þóru og auðvitað Munda lunda.

„Mundi er sem sagt heiðursfélagi og hann verður með okkur á miðvikudaginn. En þar sem hann á það til að ganga á veggi og annað langaði okkur að reyna að hjálpa honum og ég bauðst þá til að sjónmæla hann,“ útskýrir Anna. „En þar sem hann er lögblindur getur hann gleymt því að fá sér gleraugu, því miður.“

gudnyhronn@365.is



**Mundi er um tveggja ára og er heiðursfélagi í grínfélaginu Lunda sem stofnað var í upphafi mánaðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**ALVEG SAMA HVAÐ HANN FENGI MIKINN STYRK, ÞAÐ MYNDI EKKERT GERA FYRIR HANN.**


KK &
MAGGI EIRÍKS
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
Ferðalögin
Háskólabíó 20. maí
midi.is

# Blek sem eyðist á sex mánuðum

**Þessa dagana stendur yfir námskeið í nýsköpun og stofnun fyrirtækja í Háskólanum í Reykjavík og í kúrsinum fékk sex manna hópur þá góðu hugmynd að hanna yfirstrikunarpenna með bleki sem eyðist á um sex mánuðum.**

Við leggjum áherslu á umhverfisvernd með betri nýtingu námsbókanna og þessi penni auðveldar námsmönnum að selja bækurnar aftur,“ segir Unnur Sigrún Þorbjargardóttir, ein af meðlimum hópsins sem er að þróa yfirstrikunarpennann. „Það er oft erfitt að skila bókum á skiptibókamarkað ef maður er búinn að glósa í bókina yfir veturinn. Einnig eru margir sem sleppa því að glósa í bækurnar vegna þess að þeir vilja geta selt þær,“ segir Unnur sem stundar nám í lögfræði en með henni í hópnum eru nemendur í heilbrigðisverkfræði, rekstrarverkfræði og viðskiptafræði.

„Það hjálpar mikið að við komum öll úr ólíkum deildum skólans sem er mjög gagnlegt þegar að kemur að því að skipta niður verkum og hver og einn nýtir sína þekkingu til hins ýtrasta.“

**ÞAÐ ER OFT ERFITT AÐ SKILA BÓKUM Á SKIPTIBÓKAMARKAÐ EF MAÐUR ER BÚINN AÐ GLÓSA Í ÞÆR YFIR VETURINN.**



Þau Unnur Sigrún Þorbjargardóttir, Díana Dögg Sigurðardóttir, Berglind Jónsdóttir, Embla Ósk Þórðardóttir, Ásgerður Steinþórsdóttir og Finn Axel Hansen eiga hugmyndina að yfirstrikunarpennanum sem inniheldur blek sem eyðist eftir sex mánuði. Á myndina vantar Finn og Ásgerði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Það getur verið erfitt að selja bækur aftur ef búið er að nota yfirstrikunarpenna í þær. NORDICPHOTOS/GETTY

## Margir hafa sýnt áhuga

„Við erum búin að tala við efnafræðing og vitum að þetta er hægt og það er mikill áhugi fyrir pennanum, bæði hjá nemendum og fyrirtækjum sem við höfum haft samband við,“ útskýrir Unnur sem segir hugmyndina hafa fengið afar jákvæð viðbrögð.

Unnur er viss um að ef hópnum tækist að koma pennanum á markað myndi hann slá í gegn. „Já, hann myndi spara nemendum bæði peninga og vinnu. Einnig myndi hann stuðla að betri nýtingu og verndun umhverfisins.“

Spurð út í næstu skref segir Unnur: „Draumur okkar er að láta þetta verða að veruleika en núna einbeitum við okkur að því að klára námskeiðið og skoðum svo möguleikana á að láta þetta verða að möguleika eftir námskeiðið.“ gudnyhronn@365.is



# Viltu vinna í Eurovision?

**Við viljum vita hvað þú fílar!**
Hjá Vodafone erum við að rifna úr spenningi fyrir kvöldinu. Farðu inn á **12stig.is**, skráðu þig og gefðu lögunum í kvöld þumalinn upp eða niður. Þú átt möguleika á að vinna glænýjan Samsung Galaxy S8 síma.

**Áfram Svala!**
Vodafone verður með reglulegar uppfærslur á samfélagsmiðlum um keppnina. Fylgstu með okkur þar og þú gætir unnið Garmin snjallúr, Snapchat gleraugu eða Bose heyrnartól!

Taktu þátt í umræðunni á tístrás RÚV 2

**Vodafone**
Við tengjum þig

















Svala hefur þurft að spara röddina fyrir stóra kvöldið í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/BENEDIKT BÓAS

# Sparar röddina fyrir stóra kvöldið

Svala Björgvinsdóttir stígur á svið í kvöld í Eurovision þar sem dómarar allra þátttökuþjóðanna munu dæma flutninginn. Atkvæði þeirra gilda til jafns við atkvæði almennings og því er mikið í húfi.

## Skrifa frá Eurovision í Kiev



Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@365.is
Stefán Árni Pálsson
stefanp@365.is

Svala Björgvinsdóttir er tilbúin fyrir stóra kvöldið og sparar röddina með því að skrifa niður það sem hún vill segja. Hún talar lítið og fór meira að segja í partí þar sem hún sagði ekki neitt. „Það kemur smá þreyta þegar maður er að syngja mikið og ég er að passa mig að tala lítið, nema þegar ég er í viðtölum. Ég fór meira að segja í partí þar sem ég talaði ekki neitt,“ segir Svala sem stígur á stóra sviðið í Alþjóða sýningarhöllinni í Kænugarði í kvöld. Sviðið og hljómburður í höllinni er fyrsta flokks og í gær var verið að vinna í því að gera allt tilbúið fyrir sýningu kvöldsins.

Gríðarlega margir sjálfboðaliðar vinna til að allt gangi snurðulaust fyrir sig og öryggisgæslan við höllina og keppendur er með ólíkindum. Hér þarf að tæma alla vasa, allar tölvur eru skoðaðar og myndavélar eru teknar í sundur. Svala tekur þó lífinu með stakri ró og er tilbúin í stóra kvöldið. „Ég er ofboðslega spennt og auðvitað eru alltaf fiðrildi í maganum og annað þegar að stóru stundinni kemur sem er gott því það er gott stress. Ég er ofboðslega spennt að fara á svið og gera þetta 250 prósent.“



Svala vill ekki spandera röddinni og hefur því þurft að skrifa niður það sem hún vill segja í viðtölum. NORDICPHOTOS/GETTY

### Vön mikilli keyrslu

Mikið hefur mætt á Svölu sem og öllum keppendum enda um 1.250 blaðamenn hér sem nánast allir vilja viðtöl við hana. Hún segist vera með sínar venjur, sína siði og annað þegar kemur að því að geta staðið sig á sviðinu enda lagið erfitt í flutningi. „Ég er alveg vön að vera í mikilli keyrslu þegar ég er á tónleikaferðalagi með Steed Lord. Þá er maður að spila mikið og mörg kvöld í röð í tvær til þrjár vikur. Þá talar maður lítið sem ekkert og þá nota ég miða til að koma skilaboðum áleiðis,“ segir hún og brosir.

> ÉG FÓR MEIRA AÐ SEGJA Í PARTÍ ÞAR SEM ÉG TALAÐI EKKI NEITT.

Um keppnisskapið og möguleikann að fara áfram segir hún: „Þetta er búið að vera eitt stórkostlegt ævintýri, frá því við lentum í Kænugarði. Það er mikið af tækifærum og mikil vinátta að skapast á milli keppenda og hef ég kynnst nokkrum þeirra. Það er mikil gleði og hamingja þar en maður þarf líka að leyfa sér að njóta. Auðvitað langar mig áfram og standa mig vel eins og í öllu í lífinu. Það eru ótrúlega mörg góð lög í ár og við erum að halda mikið hvert með öðru, sem er svipað og í forkeppninni á Íslandi,“ segir hún.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



TILBOÐ Á HOT WINGS
ÞRIÐJUDAG, FIMMTUDAG OG LAUGARDAG
EUROVISION
#25HOTWINGS
EKKI GLEYMA
HOT
wings
SÓSUNNI
VERIÐ TILBÚIN MEÐ VÆNGINA ÞEGAR SVALA SETUR Á SIG SKIKKJUNA
25 FUNHEITIR
HOT WINGS Á AÐEINS:
2.799 KR.
KFC

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



## Lifðu í fegurð

Ég var kominn í mígandi spreng. Leiksýningu var lokið, búið að klappa leikurum lof í lófa en fólk beggja vegna við mig stóð eins og steinrunnið í sætaröðinni og teppti klósettferð mína. Ég brá því á það ráð að hoppa yfir í þá næstu. Ekki tókst betur til en svo að ég rakst utan í hefðarfrú eftir klaufalega lendingu. „Engan helvítis þjösnaskap hérna,“ hreytti einhver út úr sér. Ég leit aftur fyrir mig á hlaupunum en sá ekki ókurteisa umvöndunarmanninn en varð hins vegar var við rauða jakkann hans.

Ég varð foxillur á klósettinu yfir þessari illskeyttu áminningu, svo að í höfði mínu brá ég haus á þessar rauðklæddu herðar og hjó hann svo af. Því næst mátaði ég töffarasvipinn í speglinum og strunsaði fram, reiðubúinn ef sá rauði vildi ræða málin eitthvað frekar.

Svo sá ég hann. Mér virtist hann hafa herfilegan skúffukjaft og svo ankannalegt og áfergjulegt augnaráð að hann minnti helst á risaál. Ég tók þessu sem staðfestingu á því að hann væri fáráðlingur og tók því gleði mína á ný.

Mér var hins vegar ekki fyrr runnin reiðin en ég áttaði mig á því að það var ekkert fáráðlegt við hann. Það var uppspuni frá minni heimskulegu heift sem veit svo mæta vel að okkur finnst þægilegra að fá á baukinn frá fáráðlingum heldur en almennilegu fólki. Þess vegna gerir hún allt fáránlegt, heimskt og ljótt, nema spegilinn, svo þér finnist þú vera ögn stærri en þessi veikgeðja púki sem við verðum þegar illskan grípur okkur. Hún er uppspretta allra ljótu uppnefnanna, hún getur málað allan heiminn heimskan og ljótan til að reyna að róa okkur.

Svo, ef þú vilt lifa í fegurð skaltu míga í hléinu.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland




Svefn & heilsa

Heilsurúm / Stillanleg rúm / Húsgögn / Mjúka deildin

Gerið gæða- og verðsamanburð



Höfum opnað nýja og glæsilega vefverslun

svefnogheilsa.is

Taktu því rólega og skoðaðu vöruúrvalið okkar á netinu og gerðu hagstæð innkaup

Frí heimsending á mjúkvöru - Hagstæður flutningur á rúmum um land allt
Einstaklingsrúm kr 6.900.- / Stærri rúm og húsgögn kr. 9.900.-



Reverie BODYPRINT

Stillanlegt hjónarúm

Reverie 3E með Bodyprint 700 heilsudýnum 2x90x200cm
Verð aðeins kr. 469.900.-

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED

Reverie 3E með Memory heilsudýnum 2x90x200cm
Tilboðsverð aðeins kr. 279.960.-




Svefnsófar

Nýjar sendingar af svefnsófum
Mikið úrval.
Verð frá aðeins kr. 174.900.-









Svefn & heilsa

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum